# FRÉTTABLAÐIÐ

128. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 1. JÚNÍ 2016


# Kemst ekki heim af spítalanum



„Ég sakna bróður míns,“ segir Friðrik Guðmundsson sem dvelur á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi gegn vilja sínum. Friðrik býr á sambýli í Reykjanesbæ ásamt bróður sínum og þriðja manni, en hefur verið vistaður á spítalanum frá 27. mars vegna þess að á sambýlinu er ekki nægur mannafli til að gæta öryggis hans. Þörf er á einu stöðugildi í viðbót. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Icesave-málshöfðun nauðsynleg

**VIÐSKIPTI** Sven Erik Svedman, forseti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, telur að nauðsynlegt hafi verið að höfða Icesave-málið gagnvart íslenska ríkinu fyrir EFTA-dómstólnum. Dómstóllinn dæmdi Íslandi í vil í upphafi ársins 2013.

Óvissa hafi verið um túlkun á EES-samningnum sem skera hafi þurft úr um.

Svedman segir að þó EFTA-dómstóllinn hafi ekki fallist á málflutning ESA, þýði það ekki að stofnunin hafi gert mistök. „Lög eru ekki vísindi, það þarf að túlka þau og þannig mótast lögin, þess vegna erum við aldrei hrædd við að tapa máli, en við forðumst í lengstu lög að gera það.“



Þá sé nauðsynlegt að stjórnvöld geri meira til að taka á innleiðingarhalla EES-tilskipana. Innleiðingarhalli Íslands er hæstur af því 31 ríki sem er innan EES og ESB eða 2,1 prósent en meðaltalið innan ESB er 0,7 prósent. – ih, sjá Markaðinn

# Sjötíu prósent vilja kjósa til þings í haust

**Mikill meirihluti þeirra sem afstöðu taka í nýrri könnun vill alþingiskosningar í haust fremur en í vor. Oddvitar ríkisstjórnarinnar hafa ítrekað vilja sinn til þess að halda kosningar í haust. Framsóknarþingmenn eru því ekki sammála.**

**STJÓRNMÁL** Sjö af hverjum tíu sem afstöðu taka vilja að kosið verði til Alþingis strax í haust frekar en næsta vor. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Þegar ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar tók við völdum 7. apríl, eftir að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði af sér embætti, sögðu oddvitar ríkisstjórnarinnar að kosið yrði til Alþingis í haust. Þetta hafa þeir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Sigurður Ingi ítrekað síðan þá.

En skoðanir um áætlaðan kjördag eru þó skiptar, einkum meðal framsóknarmanna. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði til að mynda á Bylgjunni að hann teldi ekki liggja á kosningum í haust. Það hafa þingkonurnar Elsa Lára Arnardóttir og Silja Dögg Gunnarsdóttir einnig gert, svo dæmi séu tekin.

Skoðanir almennings eru þó nokkuð afgerandi. Þegar svör könnunarinnar eru skoðuð í heild sést að 60 prósent vilja kjósa í haust, 26 prósent vilja kjósa í vor, 12 prósent segjast ekki vita hvenær þau vilja kjósa og tvö prósent vilja ekki svara.

Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu taka sést að 69,5 prósent vilja kjósa í haust en 30,5 prósent í vor. Heldur fleiri konur vilja kjósa í haust en karlar. Fólk á aldrinum 18-49 ára vill fremur kjósa í haust en þeir sem eldri eru.

Könnunin var gerð 30. maí. Hringt var í 919 manns þar til náðist í 772 og var svarhlutfallið því 84 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Allir tóku 85,7 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. – jhh

**Hvort viltu að kosið verði til Alþingis í haust eða næsta vor?**




## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Jakob Frímann um fjölgun ferðamanna. 11

**SPORT** Nógu góður til að spila alla leiki segir Aron Einar. 14

**MENNING** Allar að túlka Gerði Gymisdóttur. 20

**LÍFIÐ** Þjóðhátíðarlagið í ár er innblásið af þrjátíu ára ástarsögu. 24

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Suðlæg átt í dag og fremur hægur vindur. Dálítil súld með köflum sunnan- og vestanlands, en bjart að mestu fyrir austan. Hiti 10 til 19 stig að deginum, hlýjast norðaustan- og austanlands. SJÁ SÍÐU 18

# Kennarar skrifa undir samning

**KJARAMÁL** Félag grunnskólakennara hefur skrifað undir nýjan kjarasamning við samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samningurinn er til þriggja ára og munu laun hækka um 3,5 prósent á þessu ári, þrjú prósent á því næsta og önnur þrjú prósent árið 2018. Þar að auki verður greidd eingreiðsla þann fyrsta febrúar árið 2019, 51.900 krónur.

„Við töldum að við kæmumst ekkert lengra með þetta núna. Við vorum komin á þann stað að það var annaðhvort að slíta þessum viðræðum eða leggja þetta í atkvæðagreiðslu hjá okkar félagsmönnum. Við mátum það þannig að það væri komið það mikið í þetta að það væri ástæða til að leggja það fram. Við myndum ekki leggja þetta fram nema af því að við teljum að þetta sé ásættanlegt,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

> **Við töldum að við kæmumst ekkert lengra með þetta núna.**



Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara

Ólafur segir að auðvitað hefði hann viljað semja um betri kauphækkanir en það hafi ekki gengið eftir. „Við vorum líka að sækja á sveitarfélögin með ákveðnar breytingar á röðun á sérgreinakennurum hjá okkur gagnvart umsjónarkennurum. Það var ýmislegt inni í samningnum sem við vildum laga og bæta sem þeir höfnuðu,“ segir Ólafur.

Kjarasamningurinn verður nú kynntur félagsmönnum og er áformað að halda opinn fund á fimmtudag. Kosið verður rafrænt um nýja samninginn og er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðsla fari fram 2. til 9. júní næstkomandi. **– þea**

## Lögreglan á staðnum




Meðlimir samtakanna No Borders Iceland mótmæltu brottvísun hælisleitandans Eze Henry Okafor í innanríkisráðuneytinu í gær. Samtökin telja brottvísunina ólögmæta og biðja Ólöfu Nordal innanríkisráðherra um fund til að ræða málið. Eze var vísað úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar en kærunefnd útlendingamála hafði kveðið upp úrskurð sem sagði að mál Eze gæti ekki lengur fallið undir þá reglugerð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Banaslys á Þingvallavegi

**SLYS** Maður sem lenti í umferðarslysi á Þingvallavegi við Leirvogsá, skammt frá Laxnesi, síðdegis á mánudag er látinn.

Maðurinn, sem féll af mótorhjóli á leið sinni til Reykjavíkur, var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Þar var hann úrskurðaður látinn.

Tildrög slyssins eru til rannsóknar hjá lögreglu.

Fram kom hjá lögreglu í gær að tilkynning um slysið hafi borist átta mínútur yfir fimm síðdegis, en greint hefur verið frá því að talið sé að maðurinn hafi fallið af hjóli sínu og lent utan í vegriði. Loka þurfti veginum um stund vegna slyssins. **– bo, þea**

# Húsmæður úthvíldar en ergelsi í Hveragerði

**Lög um framlag sveitarfélaga til húsmæðraorlofs felur í sér mismunun kynja segir bæjarráð Hveragerðis og gagnrýnir að fjárhagsleg staða þiggjenda sé ekki skoðuð. Húsmæður af Suðurlandi fóru í tvær ferðir í fyrra og komu sælar heim.**

**FÉLAGSMÁL** „Tregða löggjafarvaldsins til að afnema orlof húsmæðra er fyrir löngu orðin algjörlega óskiljanleg,“ segir bæjarráð Hveragerðis í enn einni bókuninni þar sem lögum um húsmæðraorlof er mótmælt.

Hveragerðisbær greiddi í fyrra 246 þúsund krónur til orlofsnefndar húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu. Alls var framlag sveitarfélaganna á svæðinu tæpar tvær milljónir króna. Framlagið byggist á lögum frá árinu 1972. Hveragerði og fleiri sveitarfélög hafa lengi mótmælt þessum útgjöldum.

Frumvarp um afnám laganna hefur ítrekað verið lagt fram á Alþingi frá árinu 2009, síðast í fyrra, en ekki verið afgreitt.

Fyrrnefnd bókun bæjarráðs Hveragerðis var lögð fram í tilefni skýrslu húsmæðranefndarinnar um orlofsferðir liðins árs. Þar kemur fram að annars vegar fór 37 manna hópur til Patreksfjarðar í þriggja nátta ferð á Fosshótel Vestfjarða í lok maí og hins vegar dvöldu 39 konur á Hótel Stracta á Hellu í fjórar nætur í október 2015 og fóru þaðan í skoðunarferðir. Konurnar greiddu innan við helming kostnaðarins sjálfar.

„Höfðum við það mjög notalegt við spjall, prjónaskap, liggja í heitu pottunum og sána, spila bingó, félagsvist og margt fleira,“ segir um dvölina á Stracta. „Fórum heim á hádegi á föstudag, sælar og úthvíldar.“



**Sunnlensku húsmæðurnar fóru sér að engu óðslega við Látrabjarg í orlofsferðinni í fyrravor.** MYND/HALLDÓRA ÓLAFSDÓTTIR

Um ferðina vestur segir að meðal annars hafi Látrabjarg verið skoðað, Rauðisandur, Listasafn Samúels Jónssonar, heimili Gísla á Uppsölum, Skrímslasetrið á Bíldudal og stórsöngvarinn Jón Kr. Ólafsson verið heimsóttur. Á heimferðardegi að vestan var siglt yfir Breiðafjörð. „Á Selfossi mættum við svo sælar og ferðalúnar,“ segir um ferðalokin.

Bæjarráð Hveragerðis kveðst þakka orlofsnefnd skilmerkilegar skýrslur um greinilega góð og skemmtileg ferðalög kvenna en ítrekar fyrri bókanir um að þessar ferðir væru undarleg tímaskekkja.

„Slík mismunun á milli kynja og án nokkurrar skoðunar á fjárhagslegri stöðu þiggjenda er í undarlegri mótsögn við rekstur sveitarfélaga almennt og þær lagaskyldur sem á þau eru lagðar,“ segir bæjarráðið.

Eygerður Þórisdóttir, gjaldkeri orlofsnefnda húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, segir að þótt lögin séu í raun tímaskekkja hafi þau sitt gildi. „Það er fullt af konum sem þurfa á þessu að halda,“ segir Eygerður. „Konur sem eru einar; konur sem eru ekkjur og hafa kannski ekki varasjóð til að komast í burtu.“ **gar@frettabladid.is**

NÝTT
LÍFRÆNT OFURFÆÐI

natures aid

Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum






„Í kjölfar hjartaáfalls rauk kólesterólið upp úr öllu valdi. Rauðrófuhylkin hjálpuðu mér að ná því niður í eðlilegt horf á örfáum mánuðum.“
*Jóhannes S. Ólafsson, útgerðarmaður og skipstjóri*

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

**1 GB** netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 12 mán. fylgir!



**iPhone 6s Plus** 16 GB

**134.990 kr.** stgr.

**1 GB** netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir!



**iPhone 6s** 16 GB

**119.990 kr.** stgr.

**1 GB** netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir!



**Samsung Galaxy S7 edge** 32 GB

**139.990 kr.** stgr.

**1 GB** netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir!



**Samsung Galaxy S7** 32 GB

**119.990 kr.** stgr.

# BESTU SÍMADÍLARNIR HJÁ NOVA!

**500 MB** netnotkun eða **500 kr.** á mán. í 3 mán. fylgir!




**LG K10** 16 GB

**31.990 kr.** stgr.

**500 MB** netnotkun eða **500 kr.** á mán. í 3 mán. fylgir!




**LG K4** 8 GB

**20.990 kr.** stgr.

## 0 KR. NOVA Í ALLA

ÓTAKMARKAÐAR MÍN. & SMS/MMS

**1.990 KR.**

## TILBOÐ 10 GB

**1.990 KR.**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

# Dagpeningar ríkisstarfsmanna stórhækka þótt verðbólga sé lítil

**STJÓRNSÝSLA** Dagpeningagreiðslur til ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands hækka gríðarlega samkvæmt nýrri auglýsingu ferðakostnaðarnefndar. Gisting og fæði í einn sólarhring hækkar um 40 prósent og gisting í einn sólarhring hækkar um 70 prósent. Formaður fjárlaganefndar undrast svo mikla hækkun.

Ferðakostnaðarnefnd hins opinbera hefur ákveðið dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands. Tekur sú ákvörðun gildi frá og með 1. júní. Fellur þá úr gildi ákvörðun nefndarinnar frá 1. nóvember 2015.

Fæði í heilan og hálfan dag helst hins vegar óbreytt. 11.200 krónur fá ríkisstarfsmenn í fæðispening fyrir heilan dag en 5.600 fyrir hálfan. Því ýtir kostnaður við gistingu dagpeningunum upp. Segir á vef fjármálaráðuneytisins um forsendur ákvörðunar um dagpeningagreiðslur að „gistikostnaður miðast við verð á eins-mannsherbergi með eða án baðs og er tekið tillit til fjölda herbergja á hverjum stað með og án baðs. Í grunninum eru hótel víðs vegar um landið.“



Því er ljóst af verðkönnun fjármálaráðuneytisins að gisting hér á landi hefur hækkað um á bilinu 40 til 70 prósent frá því í lok október í fyrra.

**Einhvern veginn efa ég að verð á gistingu í landinu hafi hækkað svo gríðarlega á síðustu mánuðum.**



Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis

Vigdís segir þessa hækkun nokkuð ríflega. „Nefndin verður að sýna fram á rökstuðning fyrir svo mikilli hækkun. Einhvern veginn efa ég að verð á gistingu í landinu hafi hækkað svo gríðarlega á síðustu mánuðum,“ segir Vigdís.

Athygli vekur að á þessu átta mánaða tímabili hefur vísitala neysluverðs staðið í stað. Frá nóvember og til maí hækkaði vísitalan um aðeins eitt prósent. Því getur vísitöluhækkkun ekki útskýrt svo mikla hækkun á dagpeningum ríkisstarfsmanna. **– sa**

## Samið við bakhjarla Pepsi-deildar kvenna

**ÍÞRÓTTIR** Ölgerðin, Askja, Greiðslumiðlun og Hagkaup skrifuðu í gær undir samning við 365, útgefanda Fréttablaðsins, um að fyrirtækin verði bakhjarlar Pepsi-deildar kvenna í sumar.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365, segist afar þakklátur bakhjörlunum fyrir að koma að þessu verkefni með 365. „Þetta hefur verið draumurinn frá því að ég hóf störf hjá 365. Með hvatningu hagsmunasamtaka félaga í úrvalsdeild kvenna, virkri umræðu sem hefur verið í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum, stuðningi KSÍ og bakhjarla varð þetta verkefni mögulegt. Fyrir þetta viljum við þakka,“ segir Sævar Freyr.

KSÍ, 365, Hagsmunasamtök félaga í úrvalsdeild kvenna, Íslenskur toppfótbolti og SportTV undirrituðu á dögunum framleiðslusamning um Pepsi-deild kvenna sem gerir það að verkum að deildin fær ítarlegri umfjöllun en áður hefur þekkst. **– þea**

**LEIÐRÉTT**

*Rangt er, sem haft var eftir Klöru Óðinsdóttur úr meistararitgerð hennar í blaðinu á mánudag, að börn með óviðeigandi kynferðislega hegðun þurfi sjálf að greiða fyrir sálfræðiþjónustu þegar upp hefur komist um brot. Þau eiga rétt á gjaldfrjálsri meðferð sem veitt er af teymi sérfræðinga á vegum Barnaverndarstofu eftir tilvísun frá barnaverndarnefndum sem fara með mál þeirra. Þá fullyrðir Barnaverndarstofa að ósönn sé staðhæfing um að komi börnin úr slæmum heimilisaðstæðum séu litlar líkur á að mál þeirra komist í farveg. Áréttað skal að Barnaverndarstofa stendur straum af kostnaði við sálfræðimeðferð barna í þessari stöðu. Beðist er velvirðingar á mistökunum.*

# Samþykkja að vísa eflingu atvinnulífs Vestfjarða í nefnd

**Ríkisstjórnin samþykkti tillögu um að skipa nefnd til að skoða atvinnulíf á Vestfjörðum. Skila á tillögum fyrir 31. ágúst næstkomandi. Ráðherra byggðamála segir nefndina að mestu skipaða heimamönnum.**

**BYGGÐAMÁL** Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að skipa nefnd undir forystu forsætisráðuneytisins sem vinni aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði.

Lagt er til að nefndin starfi í nánu samstarfi við önnur ráðuneyti og í samráði við svokallaðan stýrihóp ráðuneytanna um byggðamál.

Á þessu kjörtímabili var einnig sams konar hópur að störfum til að efla byggð á Norðvesturlandi. Sú nefnd skilaði af sér tugum tillagna til forsætisráðuneytisins fyrir nokkrum misserum en lítill hluti þeirra tillagna hlaut brautargengi.

Gunnar Bragi Sveinsson, ráðherra byggðamála og fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis, segir málið brýnt. Vestfirðir hafi verið í ákveðinni varnarbaráttu og fólki hefur fækkað á svæðinu í heild.

„Þetta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og í framhaldi af Norðvesturnefndinni svokölluðu. Vestfirðir hafa um árabil búið við fólksfækkun þó nokkur batamerki hafi sést undanfarið, til dæmis á sunnanverðum fjörðunum,“ segir Gunnar Bragi.

„Nefndin mun að uppistöðu til verða skipuð heimamönnum enda þekkja þeir best til. Þá mun farvegur sóknaráætlunar Vestfjarða verða nýttur fyrir þær hugmyndir sem koma. Samhliða þessu hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að treysta áfram innviði í fjórðungnum, svo sem í samgöngumálum.“




Ísafjarðarbær er stærsta sveitarfélagið á Vestfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segist fagna þessu framtaki ríkisstjórnarinnar. Nú þegar séu til margvíslegar tillögur og gögn sem nefndin geti unnið úr og skilað sem tillögum til úrbóta til ríkisstjórnarinnar.

„Hér hefur verið unnið mikið verk á síðustu árum og ég fagna því að þessi nefnd sé sett á laggirnar,“ segir Gísli Halldór.

„Ég geri fastlega ráð fyrir því að heimamenn verði fengnir að borðinu til að móta tillögur til framfara fyrir fjórðunginn.“

Vestfirðir eru í raun þrískipt svæði í dag; sunnanverðir Vestfirðir, Ísafjarðardjúp og Strandir. Miklar vegalengdir skilja svæðin að og samgöngur eru erfiðar milli þeirra að vetrarlagi.

Í tilkynningu forsætisráðuneytisins er ekki gefinn langur tími fyrir nefndina. Lagt er til að hún skili tillögum til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en 31. ágúst næstkomandi. **sveinn@frettabladid.is**

**Ég geri fastlega ráð fyrir því að heimamenn verði fengnir að borðinu til að móta tillögur til framfara fyrir fjórðunginn.**



Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði




# Segja Siðfræðistofnun fara rangt með

**HEILBRIGÐISMÁL** Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir stofnunina hafa tekið barkaígræðslumálið svokallaða föstum tökum á sjúkrahúsinu til þess að geta lært af því og upplýst um það. Siðfræðistofnun segir málið til vansa fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi og kallar það eitt mesta siðferðisslys norrænnar heilbrigðisþjónustu.



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala háskólasjúkrahúss, segir fullan vilja til að veita aðgang að gögnum spítalans vegna barkaígræðslumálsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Fyrst ber að nefna að Siðfræðistofnun fer ranglega með að sænskar rannsóknarnefndir hafi ekki aðgang að upplýsingum hér á landi. Það er ekki rétt,“ segir Páll, en í bréfi stofnunarinnar er talið mikilvægt að setja á stofn íslenska rannsóknarnefnd til að skoða íslensk gögn í málinu. „Hér hefur verið haft mikið og gott samráð við þær sænsku rannsóknarnefndir sem hafa haft samband við okkur.“

Páll segir það mikilvægt að málið verði upplýst og það sé vilji spítalans að svo verði. „Ef það er svo niðurstaða Alþingis að skipa nefnd þá munum við að sjálfsögðu veita allar þær upplýsingar sem við getum veitt. Það er okkar markmið eins og annarra að upplýsa um málið og hvað hægt sé að læra af því.“

Í yfirlýsingu sem Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir og prófessor, sendi frá sér í gær kemur fram að Siðfræðistofnun hafi ekki leitað eftir upplýsingum hjá honum, en hann kom bæði að meðferð mannsins sem lést eftir að hafa fengið græddan í sig barka og er í hópi meðhöfunda að umdeildri grein um meðferðina sem birtist í læknablaðinu Lancet. Hann vill halda því til haga að ákvörðun um aðgerðina hafi verið tekin í Stokkhólmi, þar sem hún hafi farið fram og mestur hluti eftirfylgni að henni lokinni.

„Ég tel ekki rétt að tjá mig frekar að svo stöddu þar sem rannsóknum lykilnefnda í Svíþjóð er enn ólokið,“ bætir Tómas við. **– sa**

# JEPPA ÚTSALA

**Kauptu notaðan jeppa fyrir sumarið**

**Staðfestu kaup fyrir 7. júní 2016 og þú færð dráttarkrók í kaupbæti**

**Komdu núna**




~~Verð: 3.890.000 kr.~~
**Útsöluverð: 3.490.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** GBD01
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur. Ekinn 101.000 km.

~~Verð: 3.950.000 kr.~~
**Útsöluverð: 3.590.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** UYF23
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur. Ekinn 101.000 km.

~~Verð: 4.190.000 kr.~~
**Útsöluverð: 3.690.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** OEB80
Skráður desember 2013, 1,6i bensín, sjálfskiptur. Ekinn 109.000 km.




~~Verð: 6.690.000 kr.~~
**Útsöluverð: 6.250.000 kr.**
**Ford Explorer Limited** PRK57
Skráður september 2011, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 71.500 km.




~~Verð: 8.490.000 kr.~~
**Útsöluverð: 7.790.000 kr.**
**Toyota Land Cruiser 200 VX** ERU84
Skráður september 2010, 5,7i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn: 130.000 km.




~~Verð: 3.290.000 kr.~~
**Útsöluverð: 2.690.000 kr.**
**Volkswagen Touareg** MY231
Skráður apríl 2007, 4,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn: 149.000 km.




~~Verð: 2.690.000 kr.~~
**Útsöluverð: 1.990.000 kr.**
**Nissan X-trail LE** THT62
Skráður júlí 2008, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 148000 km.




~~Verð: 3.190.000 kr.~~
**Útsöluverð: 2.990.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium S AWD** GMR67
Skráður desember 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 99.000 km.




~~Verð: 3.990.000 kr.~~
**Útsöluverð: 3.690.000 kr.**
**Nissan Qashqai SE** VTV81
Skráður maí 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 77.000 km.




~~Verð: 4.690.000 kr.~~
**Útsöluverð: 4.390.000 kr.**
**Mazda CX-5 Vision** AMY44
Skráður mars 2015, 2,0 SKYACTIV bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 62.000 km. Í ábyrgð.




~~Verð: 4.990.000 kr.~~
**Útsöluverð: 4.790.000 kr.**
**Mazda CX-5 Vision AWD** DUB15
Skráður mars 2015, 2,2SKYACTIV dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 73.000 km. Í ábyrgð.




~~Verð: 4.790.000 kr.~~
**Útsöluverð: 4.390.000 kr.**
**Toyota Rav4 GX AWD** YIH85
Skráður apríl 2013, 2,2Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 72.000 km.




~~Verð: 4.250.000 kr.~~
**Útsöluverð: 3.860.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** KYY44
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 82.000 km.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**
*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



Íslendingar senda sífellt færri bréf, sem kemur niður á tekjum Póstsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Dýrara að senda bréf vegna launahækkana

**VIÐSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun hefur samþykkt beiðni Íslandspósts, um rúmlega þriggja prósenta hækkun gjaldskrár fyrir bréf léttari en fimmtíu grömm, en Íslandspóstur hefur einkarétt á síkum bréfasendingum. Hækkunin er, samkvæmt tilkynningu frá Póst- og fjarskiptastofnun, tilkomin vegna SALEK-samkomulags sem fól í sér meiri launahækkanir en Íslandspóstur hafði gert ráð fyrir við gerð rekstraráætlana.

Launahækkanir SALEK-samkomulagsins feli í sér 130 milljóna króna kostnaðarauka fyrir Íslandspóst umfram það sem gert hafi verið ráð fyrir. Af því falli 42 prósent undir einkarétt sem feli í sér 55 milljóna króna hærri launakostnað. Hækkun á bréfgjaldinu á að skila sömu upphæð eða 55 milljónum króna í auknar tekjur. – ih

## Í rusli



**Þar sem fátækt er landlæg** Pakistanskur drengur leitar að einhverju nýtilegu í ruslahaug við þjóðveginn í Karachi í Pakistan í gær. Samkvæmt nýjustu lýðfræðigögnum lifa yfir sextíu prósent íbúa Pakistana á innan við einum Bandaríkjadal, eða 125 krónum, á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hér eru 400 taldir bundnir þrældómi

Ísland kemur illa út í samanburði við Norðurlönd í nýrri skýrslu Global Slavery Index um þrælahald í heiminum. Það er í 49. sæti á heimsvísu og fær slaka einkunn fyrir viðbrögð stjórnvalda gegn mansali. Efni skýrslunnar var til umræðu á fundi Alþingis í gær.

**STJÓRNSÝSLA** Ísland er í 49. sæti á heimsvísu í nýrri skýrslu Global Slavery Index sem kom út í gær. Talið er að á Íslandi séu 400 vinnuþrælar. Ísland fær einkunnina B sem er með lægstu einkunnum í Vestur-Evrópu þegar kemur að því hvernig stjórnvöld taka á þrælahaldi. Þrælahald er skilgreint þannig að fólk vinnur við aðstæður sem það getur ekki yfirgefið vegna hótana, ofbeldis, harðstjórnar, valdníðslu eða svika. Flestir þrælar starfa í Norður-Kóreu, þá Úsbekistan og Kambódíu og í heiminum öllum er talið að 45 milljónir séu bundnar í þrældóm.

Til samanburðar við þær niðurstöður að á Íslandi eru 400 taldir bundnir þrældómi eru 1.000 taldir vinnuþrælar í allri Danmörku og aðeins 900 í Noregi.

Hlutfall þræla er samkvæmt skýrslunni lægra í flestum löndum Vestur-Evrópu. Rannsóknin var unnin af Gallup á heimsvísu með viðtölum. Tekin voru 42 þúsund viðtöl í 167 löndum víða um heim og leiddar líkur að fjölda fólks sem bundið er þrældómi í hverju landi.

Efni skýrslunnar var rætt á Alþingi í gær. „Mér finnst þetta vera mjög sláandi. Við höfum heyrt ýmis dæmi í fréttum af mansali á Íslandi,“ sagði Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, og sagði ráðherra hljóta að taka niðurstöðurnar alvarlega. „Við getum ekki sætt okkur við að vera á þessum stað,“ sagði Brynhildur og krafði Eygló Harðardóttur, félags og húsnæðismálaráðherra, svara um aðgerðaáætlun ríkisstjórnar gegn mansali.

Eygló svaraði því til að það hefði verið að gerast fyrst og fremst á undanförnum vikum og mánuðum að samfélagið hafi verið að átta sig á mansali. „Áður voru menn mjög mikið að horfa á samspil mansals og vændis. Hins vegar höfum við gert okkur betur grein fyrir því að þarna undir geta fallið margvísleg störf sem við höfum verið að huga að,“ sagði Eygló.

**Mér finnst þetta vera mjög sláandi. Við höfum heyrt ýmis dæmi í fréttum af mansali á Íslandi.**

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar



**Áður voru menn mjög mikið að horfa á samspil mansals og vændis.**

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra



Reyndin er hins vegar sú að töluverð umfjöllun var á síðasta ári um tilvist vinnumansals á Íslandi. Á síðasta ári var til dæmis greint frá auknum fjölda vinnumansalsmála og tilvist verndartolla í ýmsum geirum atvinnulífsins. Þá hefur verið fjallað um ólaunuð störf í ferðamannaiðnaði, rannsókn á vinnumansali í textíliðnaði í Vík í Mýrdal og á hóteli í Reykjavík, undirboð í iðnaði, svo sem byggingariðnaði og ógreidd vinna au-pair-starfsmanna í sveit.

Eygló var einnig viðmælandi í fréttum á síðasta ári þar sem hún var krafin svara um árangur af aðgerðaáætlun ríkisstjórnar gegn mansali. Í febrúar sagði Eygló að ekki hafi verið horfst í augu við að mansal nái yfir fjölbreytt mál.

Velferðarráðuneytið ber ábyrgð á þremur aðgerðum áætlunar ríkisstjórnar en heildarumsjón með málaflokknum fellur hins vegar undir innanríkisráðuneytið.

kristjanabjorg@frettabladid.is

**Í þrældómi miðað við höfðatölu**

| | | |
|---|---|---|
| Ísland | 400 | 331.000 |
| Svíþjóð | 1.800 | 9.754.000 |
| Danmörk | 1.000 | 5.660.000 |
| Noregur | 900 | 5.188.000 |

**Þrældómur heitir það þegar fólk vinnur við aðstæður sem það getur ekki yfirgefið vegna hótana, ofbeldis, harðstjórnar, valdníðslu eða svika. Mansal er ólögleg brotastarfsemi og nútímaleg skilgreining á þrælahaldi.**

## Verkjaþing nú haldið hérlendis

**HEILBRIGÐISMÁL** Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með verki, hefur tekið við formennsku í norrænum samtökum um rannsóknir á verkjum.

Sigríður er fyrsti Íslendingurinn til að gegna formennsku í samtökunum sem miða að því að efla og deila þekkingu og niðurstöðum vísindarannsókna á verkjameðferð. Verkir eru algengir meðal almennings og hafa neikvæð áhrif á lífsgæði. Þrátt fyrir úrræði og aukna þekkingu er engu að síður fjöldi fólks með verki sem erfiðlega gengur að meðhöndla.

Samtökin standa fyrir vísindaþingi sem nú verður haldið hér á landi. – ebg

## Furðufiskurinn batti veiddist hér í annað sinn

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrir skömmu færði Eiríkur Ellertsson, sjómaður á Örfirisey RE, Hafrannsóknastofnun afar fáséðan og sérkennilegan fisk. Fiskurinn heitir batti (Dibranchus atlanticus) og veiddist í botnvörpu 6. maí á 695 metra dýpi við Reykjaneshrygg. Fiskurinn var 15,5 sentimetra langur.

Tegundin hefur bara einu sinni áður veiðst við Ísland, svo vitað sé. Sá fiskur veiddist í júní 2007 í botnvörpu á 550-700 metra dýpi í Skaftárdjúpi og var 17 sentimetra langur.

Fæða þessa djúpsjávarfisks er einkum burstaormar en hann étur einnig botnlægar marflær, samlokur, slöngustjörnur, krossfiska og fleiri hryggleysingja, segir í skriflegu svari frá Hafrannsóknastofnun.

Í austanverðu Atlantshafi er batti undan Grænhöfðaeyjum, ströndum Gíneu og allt til Angóla. Þá hefur hann veiðst undan ströndum Portúgals og Frakklands og nokkrum sinnum djúpt undan norðausturströnd Írlands.

Heimkynni batta í vestanverðu Atlantshafi eru frá ströndum Kanada, suður með Bandaríkjunum og inn í Mexíkóflóa, Karíbahaf og suður með ströndum Suður-Ameríku allt til Brasilíu.

Batti er djúpsjávarbotnfiskur sem heldur sig á leir- og sandbotni við landgrunnsbrúnir, mest á 300-800 metra dýpi, en hefur veiðst á 45-1.300 metra dýpi. – shá



Batti hefur aðeins einu sinni veiðst við Ísland áður. MYND/HAFRÓ


NX 300h
SKARPARI Á ALLA KANTA
Lexus NX 300h hefur skarpari línur og sker sig úr fjöldanum með sportlegri hönnun sem gleður augað frá öllum sjónarhornum.
lexus.is
NX
Lexus-Ísland | Kauptúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400
LEXUS
AMAZING IN MOTION

# Fengu styrk að verðmæti 1,1 milljarður fyrir verkefnið VIRUS-X

**VÍSINDI** Íslenska líftæknifyrirtækið Prokazyme, Matís, og 13 erlendir háskólar, stofnanir og fyrirtæki hafa hlotið styrk að verðmæti átta milljónir evra [1,1 milljarður íslenskra króna] úr sjóði Horizon 2020, 8. rannsóknaáætlun Evrópu, vegna rannsóknaverkefnisins VIRUS-X.

Verkefnið miðar að rannsókn á erfðamengjum og genaafurðum í veirum sem finnast í náttúrulegum vistkerfum með áherslu á vistkerfi hitakærra örvera í íslenskum hverum, eins og kemur fram í frétt frá Matís.

Þar segir líka að samstarfsaðilarnir skipti með sér fjárframlaginu samkvæmt verk- og kostnaðaráætlun.

Verkefnið er til fjögurra ára og því stýrir Arnþór Ævarsson, framkvæmdastjóri Prokazyme. Matís er stærsti framkvæmdaaðilinn af 15 rannsóknastofnunum sem taka þátt.



**Íslensk hverasvæði eru sérstaklega til skoðunar í verkefninu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Grundvallarmarkmið VIRUS-X er að einangra erfðaefni hitakærra veira beint úr náttúrulegum sýnum. Það er gert til að raðgreina erfðamengi þeirra, bera kennsl á áhugaverð gen og framleiða viðkomandi genaafurðir, fyrst og fremst ensím, til frekari skoðunar og hagnýtingar.

Einkum er sóst eftir ensímum sem eru virk á erfðaefni og aðrar kjarnsýrur svo sem DNA og RNA og nýtast sem verkfæri þeirra aðila sem eru að vinna við raðgreiningu og annarri vinnu með erfðaefni á þúsundum rannsóknastofa um allan heim. Í VIRUS-X verkefninu verður einnig leitast við að skoða samspil örvera og veira í náttúrunni og fá betri skilning á viðkomandi vistkerfum svo sem á jarðhitasvæðum á landgrunni Noregs og í hverum á völdum jarðhitasvæðum á Íslandi. **– shá**

# Vill njóta lífsins meðan þrek hans varir

**HEILBRIGÐISMÁL** Friðrik Guðmundsson dvelur á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi gegn vilja sínum. Hann býr á sambýli í Reykjanesbæ ásamt bróður sínum og þriðja manni en hefur verið vistaður á spítalanum frá 27. mars.

Bræðurnir eru með sjaldgæfan erfðasjúkdóm, DMD, sem leggst á alla vöðva líkamans og ágerist með aldrinum.

Friðrik var fluttur á gjörgæslu Landspítalans eftir að hafa farið í hjartastopp á sambýlinu. Síðan hefur hann legið á lungnadeildinni vegna þess að á sambýlinu er aðeins einn hjúkrunarfræðingur á vakt yfir nótt.



**Friðrik Guðmundsson**

„Starfsfólk sambýlisins treystir sér ekki til að taka við mér vegna manneklu. Það vantar eitt stöðugildi í viðbót,“ segir Friðrik, sem hefur barist síðustu vikur fyrir því að fá þá þjónustu sem hann þarf á sambýlinu.

Friðrik sendi erindi til Reykjanesbæjar. Í því lýsir hann þeirri ósk sinni að bætt sé við stöðugildi á sambýlinu svo hann komist heim. Hann fékk þau svör nýverið að bæjaryfirvöld ætluðu að afla sér upplýsinga í öðrum sveitarfélögum um hvernig þessum málum væri háttað. „Í svarinu kemur ekkert fram um framtíð mína,“ segir Friðrik. „Ég vil lifa lífinu áfram eins lengi og ég get. Hér get ég ekki gert það,“ segir hann en lofar þó starfsfólk á deild A6 sem leggi sig fram við að gera honum lífið þolanlegt.

Tveir þingmenn hafa reynt að leggja Friðriki lið. Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, og Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokks. „Ég var að heyra frá Ásmundi og hann er að fara á fund í Reykjanesbæ á fimmtudaginn,“ segir Friðrik. **– kbg**

# Bandarískir kjósendur ósáttir við útnefningarferli flokkanna

**Um sjötíu prósent Bandaríkjamanna eru pirruð á forkosningaferlinu ógnarlanga. Um fjörutíu prósent þeirra telja tveggja flokka kerfið meingallað og aðeins fjögur prósent bera mikið traust til þjóðþingsins.**

**BANDARÍKIN** Bandaríkjamönnum þykir margt athugavert við hið ógnarlanga ferli við val forsetaefna Repúblikanaflokksins og Demókrataflokksins.

Um 70 prósent Bandaríkjamanna eru pirruð á skipulaginu sem flokkarnir tveir hafa við val á forsetaefnum sínum, rúmlega helmingur þeirra er hreinlega reiður en aðeins um 13 prósent eru stolt af því sem er að gerast.

Flestir, eða 65 prósent, segjast þó hafa áhuga á kosningunum og 23 prósent segjast spennt.

Þetta kemur fram í skoðanakönnun, sem bandaríska fréttastofan AP lét gera í samvinnu við NORC-rannsóknarstofnunina við Chicago-háskóla.

AP segir þetta sýna breiðan stuðning við kröfur Bernie Sanders um að breytingar verði gerðar á forkosninga- og útnefningarferlinu öllu.

Athygli vekur að nærri helmingur demókrata telur að framboð Sanders hafi góð áhrif á Demókrataflokkinn, en einungis þriðjungur repúblikana telur að framboð Donalds Trump hafi góð áhrif á Repúblikanaflokkinn.

Þá segja 29 prósent demókrata að þeirra eigin flokkur sé ekki nógu opinn fyrir nýjum hugmyndum, en um 46 prósent repúblikana segja hið sama um Repúblikanaflokkinn.

Almennt vilja kjósendur opnar forkosningar frekar en lokaðar, þeir vilja forkosningar frekar en kjörfundi og svo hafa þeir litla trú á ofurfulltrúunum svonefndu, sem ráða miklu um niðurstöðuna.

Þá sýnir könnunin einnig að almennt hafa Bandaríkjamenn litla trú á opinberum stofnunum. Mest er traustið reyndar í garð hersins, því 56 prósent segjast hafa mikla trú á honum. Hins vegar segjast aðeins fjögur prósent hafa mikla trú á þinginu og tíu prósent segjast hafa mikla trú á bandaríska stjórnmálakerfinu.

Nærri því fjörutíu prósent segja tveggja flokka kerfið, sem tryggt hefur Demókrataflokknum og Repúblikanaflokknum öll völd í Bandaríkjunum, vera meingallað. Einungis þrettán prósent eru sátt við þetta tveggja flokka kerfi, en fimmtíu prósent segja kerfið vera gallað, en þó ekki svo mjög að ekki megi bæta þar úr.

Könnunin var gerð 12. til 15. maí í öllum ríkjum Bandaríkjanna.
**gudsteinn@frettabladid.is**



**Mikill stuðningur er við kröfur Bernie Sanders um breytingar á útnefningarferli flokkanna tveggja.** NORDICPHOTOS/AFP

**4%**

**aðspurðra hafa mikla trú á bandaríska þjóðþinginu, en 56 prósent bera mikið traust til bandaríska hersins.**

**›› Könnunin sem bandaríska fréttastofan AP lét gera í samstarfi við NORC fór fram 12. til 15. maí í öllum ríkjum Bandaríkjanna.**

**Flestir eru pirraðir, en áhugasamir**

Ein spurningin var um það, hvaða tilfinning væri sterkust í brjósti aðspurðra gagnvart kosningunum.

**Pirraður 70%**
**Áhugasamur 65%**
**Hjálparvana 55%**
**Reiður 52%**
**Vongóður 37%**
**Leiður 31%**
**Spenntur 23%**
**Stoltur 13%**


BYGGIÐN Félag byggingamanna
Samiðn
FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

**Golfmót Samiðnar 2016**

**Haldið á Hlíðarvelli Mosfellsbæ föstudaginn 10. júní**

**Mótið er jafnframt innanfélagsmót Byggiðnar og FIT.**

- Mótið er opið öllum félagsmönnum aðildarfélaga Samiðnar og fjölskyldum þeirra.
- Mæting í síðasta lagi kl. 15:30 og ræst út samtímis kl. 16 af öllum teigum.
- Mótsgjald kr. 4.500 og er innifalin súpa í mótslok.
- Vegleg verðalun verða veitt með og án forgjafar, gestaverðlaun og dregið úr skorkortum.

**Síðasti skráningardagur er 8. júní.**

**Frekari upplýsingar og skráning á www.samidn.is og í síma 5356000.**


# Gagnrýna skýrslu um salerni á hringveginum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Í könnun Eflu á salernisaðstöðu á hringveginum, sem unnin var fyrir Stjórnstöð ferðamála, var aðgengi hreyfihamlaðra að téðri salernisaðstöðu ekki skoðað.

Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, segir að við gerð skýrslunnar hefði mátt ná mun betri upplýsingum en nú liggja fyrir.

„Það hefði mátt gera með betri upplýsingasöfnun án þess að kosta krónu aukalega. Aðgengismál fatlaðra voru ekkert skoðuð en á einum stað er minnst á að tiltekið salerni sé aðgengilegt fötluðum,“ segir Bergur Þorri.

„Vonandi eru þau mun fleiri en svo. Efla hefði átt að kanna sérstaklega hvort allir eigi kost á að nýta sér aðstöðuna. Ef vel á að vera þyrfti að fara annan hring og láta athuga þetta sérstaklega.“

**Aðgengismál fatlaðra voru ekkert skoðuð en á einum stað er minnst á að tiltekið salerni sé aðgengilegt fötluðum.**

Bergur Þorri Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar



Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur sætt gagnrýni fyrir það hversu hægt gengur að byggja upp innviði ferðaþjónustu á Íslandi. Er könnun Eflu liður í því að fjölga nýtanlegum salernum um hringveginn. Er nú unnið við uppbyggingu víðsvegar um landið fyrir um þrjú hundruð milljónir króna. **– sa**


Við tjöldum því besta
Yfir 40 gerðir af tjöldum
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 20.995,-
3 manna verð kr. 24.995,-
Hilleberg Nallo GT
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 179.995,-
3 manna verð kr. 189.995,-
Vango Banshee
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 35.995,-
3 manna verð kr. 40.995,-
Vango Helix
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 31.995,-
3 manna verð kr. 37.995,-
Vango Tempest
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 40.995,-
3 manna verð kr. 49.995,-
Vango Pulsar
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 49.995,-
3 manna verð kr. 56.995,-
Vango Drummond
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 59.995,-
5 manna verð kr. 69.995,-
Vango Ravello Airbeam
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 149.995,-
6 manna verð kr. 169.995,-
Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 39.995,-
4 manna verð kr. 44.995,-
Vango Iris
4000mm vatnsheldni
5 manna tilboðsverð kr. 76.995,-
6 manna tilboðsverð kr. 84.995,-
Vango Stanford
4000mm vatnsheldni
6 manna verð kr. 99.995,-
8 manna verð kr. 114.995,-
Vango Woburn
4000mm vatnsheldni
4 manna tilboðsverð kr. 59.995,-
5 manna tilboðsverð kr. 65.995,-
Valin tjöld uppsett í verslun
MAMMUT
PRIMUS
OR OUTDOOR RESEARCH
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
TERNUA
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

# Verkleysið



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Í gær var birt svört skýrsla um stöðu salernismála á ferðamannastöðum á Íslandi. Skýrslan var unnin að beiðni Stjórnstöðvar ferðamála og kemst að þeirri, ekki beint óvæntu, niðurstöðu að málin séu ekki í góðu horfi.

Í samantekt niðurstaðna kemur fram að við marga af helstu ferðamannastöðum landsins sé salernisaðstaða mjög fátækleg og sumstaðar hreinlega engin. Mikið álag sé á einkaaðilum sem bjóða upp á salerni fyrir sína viðskiptavini; bensínstöðvum, matsölustöðum og minjagripabúðum. Oft sé aðstaða lokuð utan hefðbundins opnunartíma og versnar þá aðgengi að salernum til muna. Viðmælendur skýrsluhöfunda voru sammála um að mikill skortur sé um allt land á boðlegum almenningssalernum sem séu undir eftirliti þjónustuaðila og opin allan sólarhringinn alla daga ársins. Þekktar og ástsælar náttúruperlur eru meðal svæða þar sem uppbygging er nauðsynleg.

Spár gera ráð fyrir að meira en tvær milljónir ferðamanna sæki landið heim árið 2018. Það er tvisvar sinnum meira en í fyrra þegar rúmlega milljón ferðamanna kom hingað til lands. Þessi gríðarlega fjölgun hefur reynst okkur mikill happdrættisvinningur. Viðsnúninginn sem orðið hefur í íslensku efnahagslífi má að miklu leyti rekja til allra þessara ferðamanna.

Þessi staða ætti ekki að koma neinum á óvart. Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar frá árinu 2013 er langtímastefnumótun fyrir ferðaþjónustu á Íslandi sögð nauðsynleg meðal annars með tilliti til uppbyggingar innviða. Kanna átti möguleika á gjaldtöku til uppbyggingar ferðamannastaða til að bregðast við auknum fjölda ferðmanna í náttúru Íslands.

En þrátt fyrir fögur fyrirheit og löngu ljós vandamál hefur lítið gerst. Vísir sagði frá því í gær að „vorboðinn“ – ferðamenn að létta á sér úti í garði við heimahús – væri kominn. Koma þessara frétta er eins viss og fréttir af lóunni og lúpínudeilum á vorin. Skemmst er að minnast frétta frá því í júlí í fyrra þar sem sagt var frá því að ferðamenn gengju örna sinna við þjóðargrafreitinn á Þingvöllum.

Skýrsla stjórnstöðvarinnar er fagnaðarefni og í henni er vandamálið greint. Næsta skref verður að greina þörf og meta kostnað og að því loknu verður hægt að forgangsraða verkefnum og ráðast sem fyrst í nauðsynlega uppbyggingu þar sem þörfin er mest.

En þó að því beri að fagna sem vel er gert, er óhjákvæmilegt að velta því upp hvers vegna í ósköpunum þessi skref hafa ekki verið stigin löngu fyrr. Eftir að hugmyndin um náttúrupassann var slegin út af borðinu virðist sem ríkisstjórnin hafi gefist upp á að finna lausn á því hvernig eigi að takast á við nauðsynlega innviðauppbyggingu meðfram auknum ferðamannastraumi.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi um margt staðið sig vel, sérstaklega í málefnum tengdum gjaldeyrishöftum og efnahagsmálum, sem þó er umdeilt hvort skrifa megi á ríkisstjórnina yfirhöfuð, þá er líklegt að verkleysið, sem kalla má vítavert, í málefnum sem tengjast komu ferðamanna til landsins, verði eitt af því sem hennar verður minnst hvað helst fyrir.

**Spár gera ráð fyrir að meira en tvær milljónir ferðamanna sæki landið heim árið 2018. Það er tvisvar sinnum meira en í fyrra þegar rúmlega milljón ferðamanna kom hingað til lands.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Ferðamenn á hækjum sér**

**Ferðaþjónustan og aukinn fjöldi ferðamanna hefur svo sannarlega hjálpað íslenskri þjóð upp úr öldudal hrunsins árið 2008. Nú er svo komið að rúm ein og hálf milljón ferðamanna mun líklega mæta á klakann þetta árið. Þá þarf að ráðast í innviðauppbygginu. Ráðherra ferðamála lét verkfræðiskrifstofu telja klósett á hringveginum til að skoða hvort allir gætu nú gengið örna sinna. Kom í ljós að sárlega þarf að laga ástandið á nokkrum stöðum. Það er hins vegar lofsvert að búa svo um hnútana að ferðamenn geti teflt aðeins við páfann á hringveginum.**

**Vestfirðir í fleirtölu**

**Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd til að vinna aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði. Byggðaþróun hefur verið neikvæð á svæðinu í heild síðustu ár. Í grunninn eru það samgöngubætur sem munu skila mestu fyrir svæðið. Hins vegar er það þannig að Vestfirðir eru í raun þrjú svæði í dag þar sem tengsl svæðanna innbyrðis eru afar lítil. Að vetri til er styttra fyrir íbúa Patreksfjarðar að renna til Reykjavíkur en inn á Ísafjörð. Þegar sveitarstjórar fjórðungsins funda eru fundirnir haldnir í Reykjavík því þangað er styst að fara fyrir alla. Við ættum því að hætta að tala um Vestfirði sem eitt svæði.**

sveinn@frettabladid.is

# Ná ekki endum saman!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Ellilífeyrisþegi kom að máli við mig og sagðist eiga erfitt með að láta enda ná saman.Hann hefur tæpar 100 þúsund krónur úr lífeyrissjóði á mánuði en vegna skerðingar á lífeyri almannatrygginga og skattlagningar fær hann ekki nema 219 þúsund á mánuði samanlagt frá TR og lífeyrissjóðnum eftir skatt. Hann er einhleypur.

Eldri borgarinn á gamlan bíl. Hann getur lítið hreyft bílinn; á ekki fyrir bensíni. Hann þarf að láta ganga fyrir að kaupa nauðsynleg lyf og fara til læknis, þegar þörf krefur. Stundum verður hann að neita sér um læknisaðstoð eða sleppa því að leysa út lyfin. Þetta er dæmigert ástand fyrir hóp aldraðra og öryrkja, sem hefur lítinn eða engan lífeyrissjóð. Þetta er að sjálfsögðu mannréttindabrot og gengur gegn 76. grein stjórnarskrárinnar. Félag eldri borgara hefur sagt frá þessu ástandi um nokkurra ára skeið. En það hreyfir ekki við ráðamönnum. Þeir aðhafast ekkert. Þeir virðast kæra sig kollótta um það þó ekki sé unnt að framfleyta sér af þeim lága lífeyri, sem almannatryggingar skammta öldruðum og öryrkjum. Ráðherrarnir guma bara af góðri stöðu þjóðarbúsins og góðum hag ríkissjóðs! Einstaka sinnum láta þeir vinsamleg orð falla um að þeir muni athuga málin. En lengra komast þeir ekki.

Það þarf að gera tvennt til þess að breyta þessu ástandi: 1) Það þarf að afnema tekjutengingar eins og fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson , lofaði 2013, fyrir kosningar að gera, ef hann kæmist til valda. 2) Það þarf að stórhækka lífeyri þeirra, sem aðeins hafa tekjur frá almannatryggingum. Samkvæmt tillögum um breytingar á almannatryggingum, sem liggja fyrir, hækkar lífeyrir ekki um eina krónu hjá framangreindum hópi. Samt liggur það fyrir að upphæð lífeyris dugar ekki til framfærslu. Þá er það furðulegt, að samkvæmt nýju tillögunum fellur grunnlífeyrir niður hjá nokkrum þúsundum eldri borgara. Eldri borgurum tókst að knýja það fram að grunnlífeyrir yrði endurreistur en það stendur ekki lengi, aðeins til áramóta. Lífeyrisgreiðslur eiga aftur að skerða grunnlífeyri.

Hvað er til ráða? Ráðherrar hlusta ekki á eldri borgara og öryrkja, a.m.k. taka þeir ekkert tillit til óska þeirra um kjarabætur. Nú eru kosningar í nánd. Ef til vill hlusta ráðamenn betur af þeim sökum. Næstu mánuðir munu skera úr um það hvort ráðamenn veiti öldruðum og öryrkjum nægar kjarabætur eða hvort grípa verði til nýrra ráða til þess að knýja fram þær kjarabætur sem dugi.

**Eldri borgarinn á gamlan bíl. Hann getur lítið hreyft bílinn ; á ekki fyrir bensíni.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Gestasprettur í borginni



**Jakob Frímann Magnússon**
framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar

Fáa hefði órað fyrir því árið 2003 að 300 þúsund erlendir ferðamenn þess árs á Íslandi yrðu orðnir að heilum 2 milljónum árið 2017. Sú staðreynd blasir nú við. Dulbúin gæfa fólst í Eyjafjallajökulsgosinu 2010 og þeim vel ígrunduðu ráðstöfunum sem gripið var til í kjölfar þess við markaðssetningu á áfangastaðnum Íslandi, ekki síst að vetrarlagi, en á þeim árstíma hefur vöxturinn orðið hlutfallslega hraðastur.

Þetta skýrir að nokkru þann búhnykk sem glætt hefur efnahag landsins að undanförnu og samkvæmt nýjum spám Samtaka atvinnulífsins mun framlag ferðaþjónustunnar til þjóðarbúsins verða margfalt á við fiskveiðar, landbúnað og álbræðslu innan fárra ára.

Fylgifiskar þessa hraða vaxtar blasa síðan við í þeim fjölda nýrra hótela og annarra gistirýma sem sprottið hafa upp og ekki sér fyrir endann á. Hröð uppbygging þessa mætir þó engan veginn brýnustu þörfum og ef AirBnB nyti ekki við, væri útilokað að veita væntanlegum tveimur milljónum gesta gistingu á komandi ári. AirBnB veitir fjölda Íslendinga hlutdeild í þessari nýju ofurbúgrein og á vafalítið þátt í að sætta almenning við þær hliðarverkanir sem óhjákvæmilega fylgja þeim umbreytingum sem yfirstandandi eru um þessar mundir og ýmsir líkja við e.k. hernámsástand.

**Nafli alheimsins?**

Mikið framboð á fjármagni til hótelbygginga og annarra innviða ferðaþjónustunnar hefur valdið umtalsverðum vaxtarverkjum, ekki síst í miðborginni.

Þolrif rekstraraðila, einkum á Laugavegi og Hverfisgötu, hafa verið þanin til hins ýtrasta á undanförnum misserum en nú sér sem betur fer fyrir endann á því helsta: Stækkunarframkvæmdum á Hótel Öldu við Laugaveg 66-70 er að mestu lokið, sama gildir um Sandholt bakarí, Laugavegi 34, stefnt er að því að framkvæmdum á Laugavegshlið Frakkastígsreits verði lokið fyrir 17. júní og senn er lokið meginframkvæmdum á Hljómalindarreit, a.m.k. á því húsnæði sem snýr að Laugavegi 17-19 og að Hverfisgötu þar sem Icelandair mun opna nýtt hótel á næstu vikum. Við Laugaveg 4-6 eru hins vegar nýhafnar framkvæmdir á lítilli miðborgarkringlu á þremur hæðum sem standa munu yfir næstu 2-3 misseri og fela m.a. í sér opið flæði milli Skólavörðustígs og Laugavegs .

Þá reyndist óhjákvæmilegt að endurgera Smiðjustíg milli Laugavegs og Hverfisgötu m.a. vegna hæðarmunar á gamla stígnum og nýja Hljómalindarreitnum. Í framhaldi af því þótti skynsamlegt að ljúka endurgerð á Hverfisgötu frá Smiðjustíg að Klapparstíg með tilheyrandi jarðvegsskiptum og endurgerð lagna og skolpræsakerfis sem rekja má heila öld aftur í tímann.

Að því verki loknu á einungis eftir að lagfæra vestasta hluta Hverfisgötunnar, frá Smiðjustíg að Lækjargötu og er horft til lúkningar þess fyrir 2018. Mætti að því verki loknu halda því fram með gildum rökum að Hverfisgata verðskuldi sæmdarheitið „glæstasta breiðgata landsins“, sannkölluð Boulevard sem skartar fjölmörgum af fegurstu byggingum höfuðborgarinnar. Ýmislegt fleira mætti hér nefna en að öllu samanlögðu og frágengnu blasir við ein fallegasta, skemmtilegasta og aðgengilegasta miðborg Evrópu.

**Spámenn annars föðurlands**

Mælingar undanfarinna ára hafa speglað mikla ánægju erlendra ferðamanna.

**92%-98% þeirra sem sótt hafa Reykjavík heim á mismunandi árstímum lýsa mikilli ánægju með höfuðborgina okkar og mæla eindregið með heimsókn hingað.**

92%-98% þeirra sem sótt hafa Reykjavík heim á mismunandi árstímum lýsa mikilli ánægju með höfuðborgina okkar og mæla eindregið með heimsókn hingað. Það þarf ekki að koma á óvart. Þúsundir viðburða af ólíkum toga prýða borgina á ári hverju , þ.m.t. 75 veglegar hátíðir. Hátíð hafsins er ein þeirra og verður nú um helgina, með tilheyrandi Fiskisúpudegi og skemmtilegheitum.

Skapandi greinar blómstra hér sem aldrei fyrr og sérstaða miðborgarinnar okkar felst ekki bara í rótgrónum sjarma heldur því hve upplifunarstaðir og möguleikar þeim tengdir eru fjölbreytilegir og í þægilegri fjarlægð hver frá öðrum. 95% þeirra sem heimsækja Ísland heimsækja og sjálfa miðborgina. Það er mikilvægt að við sem hér búum minnum hvert annað á hve lánsöm við í raun erum í þessum efnum. Við eigum frábæra borg, fágæta miðborg.

Á nýlegri ráðstefnu í Hörpu þar sem menningarborgirnar Berlín og Reykjavík voru teknar til umfjöllunar og samanburðar sem áfangastaðir ferðamanna, áttu forsvarsmenn hinnar þýsku sendinefndar lokaorðin: Svo virðist sem framtíð áfangastaðarins Reykjavíkur sé einstaklega björt og glæsileg. Þið þurfið að líkindum engu að kvíða!

# Hratt og hljótt



**Erling Freyr Guðmundsson**
framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur

**Hlutfall heimila tengdra Ljósleiðaranum í árslok 2015**




Það er sama hvort fólk ætlar að hittast í matarboði, hóa til ættarmóts eða hafa samband við fjarstaddan félaga að tæknin sem við notum til að koma þessu í kring hefur gjörbreyst á örfáum árum. Áður hefðum við líklega notað heimasímann til flestra þessara hluta en nú hafa tölvurnar okkar og snjallsímarnir leyst hann af hólmi. Raunar hefur heimasímatengingum, sem heita fastlínutengingar á fagmálinu, fækkað um næstum 30 þúsund á einum áratug. Sífellt færri eru með heimasíma. Gögnin eru annars konar og fara eftir öðrum leiðum. Fyrirsögnin hér að ofan, sem er útúrsnúningur úr þekktu dægurlagi, lýsir því kannski ágætlega sem hefur verið að gerast.

Við sjáum þetta skýrlega á margföldun gagnaflutnings um farsímakerfin. Það 200-faldaðist milli áranna 2008 og 2015. Það er í svona tölum sem við sjáum á einum stað það sem við rekum stundum augun í í fermingarveislunum, þegar eldra fólkið lítur unglinginn í símanum hornauga.

Öflugri farsímanet af sífellt nýrri kynslóð kalla á aukna flutningsgetu burðarnetsins sem tengir saman möstur og miðstöðvar farsímafyrirtækjanna. Þar er Gagnaveita Reykjavíkur að störfum með því að reka slíkt opið net af öryggi, sem sinnir þessari margföldun gagnaumferðar um farsímakerfin. Það er ljósleiðaranet sem þjónar þessum og raunar einnig fleiri fyrirtækjum sem þurfa að koma miklu magni gagna fljótt og örugglega á milli staða. En fólkið nýtur líka Ljósleiðarans beint í sífellt auknum mæli.

Á svipuðu tímabili og gagnaflutningur um farsíma 200-faldaðist hefur ljósleiðaratengdum heimilum á Íslandi fjölgað nærri þrítugfalt. Þegar Gagnaveita Reykjavíkur var að stíga sín fyrstu spor, árið 2007, voru slíkar tengingar rúmlega 1.200 talsins. Í lok síðasta árs voru virkar ljósleiðaratengingar á Íslandi tæplega 34.000 og þeim fjölgar dag frá degi.

Þetta er bylting sem hefur ekki farið hátt. Víða í þéttbýlinu hafa íbúar orðið varið við það meðan á ljósleiðaravæðingunni hefur staðið og öðru hvoru rekum við augun í fréttir af byggðarlögum sem nýta ljósleiðaratengingar til að bæta lífsskilyrði fólks og fyrirtækja. Tölur á borð við þessar sjást hins vegar sjaldan dregnar saman.

Ljósleiðari Gagnaveitu Reykjavíkur hefur haft þá sérstöðu að með samningum við sveitarfélög hefur öllum heimilum innan þéttbýlis sveitarfélaganna staðið til boða að tengjast Ljósleiðaranum. Gagnaveitan býður ekki þjónustu um tenginguna og er því ekki í samkeppni við þá viðskiptavini fyrirtækisins sem það gera. Þetta viðskiptalíkan hefur gefist stórvel. Í lok þessa árs munu heimili tengd Ljósleiðara GR verða orðin 77 þúsund talsins. Reykjavík er öll tengd og fjöldi annarra stórra sveitarfélaga sem sjást á þessu yfirliti. Þéttbýli þeirra sveitarfélaga sem þar eru verður allt fulltengt í árslok 2018. Það er bylting.






# Milwaukee hátíð í dag miðvikudaginn 1. júní

## Sérfræðingar Milwaukee veita ráðgjöf.

## Hamborgarar og pylsur á grillinu.

Frábær tilboð á Milwaukee



Tilboð
**29.900**

**Borvél M12 BDD-202C**
Átak 30Nm, 2x2,0Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgir.
**MW 4933441915**



Tilboð
**55.900**

**M12 BPP2D-402B**
Borvél 38Nm m/höggi og fjölnotavél 2x4,0Ah rafhlöður
**MW 4933441250**



Tilboð
**55.900**

**Borvél M18BPD-402C**
M/höggi, átak 60Nm,2x4,0Ah rafhlöður og hleðslutæki.
**MW 4933443520**



Tilboð
**84.900**

**Borvél M18FPD-502X**
M/höggi, átak 135Nm, 2x5,0Ah rafhlöður og hleðslutæki.
**MW 4933451061**



Tilboð
**99.900**

**M18SET2T-502W**
Borvél kolalaus 60Nm og fjölnotavél ásamt blöðum, 2x5,0Ah rafhlöður
**MW 4933451436**



Tilboð
**119.900**

**M18SET2H-502W**
Borvél 135Nm, slípirokkur 125mm, 2x5,0Ah rafhlöður og hleðslutæki
**MW 4933451432**



Tilboð
**219.900**

**M18 FPP6A-502B**
Borvél135NM, höggskrúfvél, slípirokkur, hjólsög, sverðsög, ljós LED, 3 x 5,0 Ah rafhlöður
**MW 4933451243**

# VERKFÆRA SALAN



**Tilboð**
**11.900**
**Slípirokkur AG800EK**
Slípirokkur 125mm.
800W mótor.
**MW 4933451211**



**Tilboð**
**14.900**
**AG10-125E**
Slípirokkur 125mm,
1000W mótor.
**MW 4933451220**



**Tilboð**
**46.900**
**Kíttisgrind M12PCG-201B**
Kraftur 1780N, 6 hraðastillingar
1x2,0Ah rafhlöður og hleðslutæki
**MW 4933441655**



**Tilboð**
**49.900**
**Koppafeitissprauta M12**
allt að 7 hylki á hleðslu,
1x4,0Ah rafhlöður og hleðslut.
**MW 4933441675**



**Tilboð**
**69.900**
**M18SET2G-423C**
Borvél M18 og M12 í setti.
2x4,0Ah M18 og 1x2,0Ah M12
rafhlöður og hleðslutæki
**MW 4933451017**



**Tilboð**
**89.900**
**M12 BPP2D-402B**
Borvél 44Nm m/höggi og SDS borvél,
2x4,0Ah rafhlöður
**MW 4933447479**



**Tilboð**
**234.900**
**Blacksmith sett**
Borvél 135NM, herslulykill 3/4", slípirokkur,
hjólsög fyrir járn, 2x4,0Ah, 1x5,0Ah
rafhlöður, hleðslutæki og taska.
**MW 4933448341**

## Kaupaukar



**Við kaup á setti færðu Milwaukee hettupeysu með í kaupbæti**



**Ef verslað er fyrir yfir Kr. 250.000 færðu Milwaukee M12 útvarp með í kaupbæti að andvirði 24.900.-**

Uppfærðu



**Ef verslað er fyrir yfir Kr. 300.000 færðu Milwaukee M18 útvarp með í kaupbæti að andvirði 44.900.-**

Uppfærðu



**Ef verslað er fyrir yfir Kr. 350.000 færðu bluetooth M18 útvarp sem hleður með í kaupbæti að andvirði 69.900.-**




## Milwaukee bíllinn verður á svæðinu.

**Komdu og prófaðu nýjustu tækin í Síðumúla 11**

**Verkfærasalan - Síðumúla 11 - 560-8888 - www.vfs.is**





Fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson er að jafna sig af meiðslum og gæti tekið þátt í vináttuleiknum gegn Noregi á morgun.

# Nógu góður til að spila alla leiki

**Aron Einar Gunnarsson segir að veturinn með Cardiff í ensku B-deildinni hafi verið svekkjandi. Hann veit ekki hvort hann hefur spilað sinn síðasta leik fyrir félagið en útilokar það ekki. Ísland mætir Noregi í dag.**

EM2016




Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is


**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir ungan aldur býr landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson yfir mikilli reynslu. Þessi 27 ára Akureyringur á þegar 57 landsleiki að baki. Þar að auki á hann að baki átta tímabil sem atvinnumaður í Englandi, síðustu fimm öll með velska liðinu Cardiff City.

Sjö af þessum tímabilum spilaði Aron Einar í ensku B-deildinni. Hvert ár spilaði hann minnst 40 leiki á tímabili, langflesta sem byrjunarliðsmaður. En það breyttist svo skyndilega á nýliðnu tímabili. Þá tók hann þátt í 28 leikjum, þar af tólf sem varamaður.

„Auðvitað var ég ekki ánægður með þann fjölda leikja og mínútna sem ég fékk í vetur. Ég hef aldrei farið leynt með það,“ segir Aron Einar sem vonast til að fá tækifæri til að spila með Íslandi í vináttulandsleiknum gegn Noregi ytra í dag, þrátt fyrir ökklameiðsli sem hafa verið að plaga hann síðustu vikurnar.

### 25 mínútur á þremur mánuðum

„En það var aldrei hægt að segja neitt við þessu. Ég meiddist á undirbúningstímabilinu og þá valdi þjálfarinn liðið sitt,“ segir Aron Einar og átti þar við Russell Slade sem tók við Cardiff City eftir að Norðmaðurinn Ole Gunnar Solskjær var látinn taka poka sinn haustið 2014.

Aron Einar spilaði aðeins í 25 mínútur í fyrstu ellefu leikjum Cardiff í ensku B-deildinni í haust. Hann fékk svo tækifærið í 1-0 sigurleik gegn Middlesbrough sem hann nýtti vel.

„Ég spilaði næstu fjórtán leiki en veiktist svo fyrir leik gegn Wolves [þann 16. janúar]. Þá kom maður inn af bekknum sem spilaði vel það sem eftir lifði tímabils. Þannig er fótboltinn bara,“ segir Aron Einar.

„Það eru margir sem eru tilbúnir að stökkva inn og nýta tækifærið þegar það gefst. Það er partur af íþróttinni. En auðvitað finnst mér að ég sé það góður að spila alla leiki í B-deildinni. Það er svekkjandi að það gerðist ekki í vetur.“

### Hefur ekki rætt við nýjan stjóra

Hann getur ekki sagt að hann hafi fengið ósanngjarna meðhöndlun hjá Slade í vetur. „Nei. Ég æfði eins og maður en þegar svona lagað kemur upp þýðir ekkert að svekkja sig eða hengja haus. Ég vil alltaf spila eins mikið og ég get og það heppnaðist ekki þetta tímabilið.“

Paul Trollope, 43 ára Wales-verji, hefur nú tekið við stjórastarfinu í Cardiff City en hann var áður aðstoðarmaður Slades. Trollope er auk þess í þjálfarateymi Chris Coleman í velska landsliðinu, sem er á leið á EM rétt eins og það íslenska.

Aron Einar hefur ekkert rætt við Trollope um framhaldið en mun gera það eftir EM í Frakklandi. „Hann er á fullu að undirbúa Wales fyrir EM og því munum við ekki setjast niður fyrr en eftir mótið.“

Hann neitar því ekki að mögulegt sé að hann hafi spilað sinn síðasta leik fyrir Cardiff City. „Þó svo að ég telji það ólíklegt þá veit ég það einfaldlega ekki. Það verður bara að koma í ljós eftir EM.“

> Það eru margir sem eru tilbúnir að stökkva inn og nýta tækifærið þegar það gefst. Það er partur af íþróttinni.
>
> Aron Einar Gunnarsson

**57**

**A-landsleikir sem Aron Einar Gunnarsson hefur spilað fyrir Ísland á átta árum.**

## Batinn framar vonum

Aron Einar hefur glímt við meiðsli í ökkla síðustu vikurnar og bjóst við því að þurfa að spila með verki á EM í Frakklandi. En nú horfir til betri vegar.

„Ég þarf vonandi ekki að pína mig. Það kemur svo bara í ljós hvort það kemur bakslag en vonandi ekki,“ segir Aron Einar sem var með lausa beinflís í ökklanum sem olli honum sársauka.

Hann óttaðist þó aldrei að það kæmi í raun og veru til þess að hann myndi missa af EM í Frakklandi. „Ég vissi að það væri alltaf hægt að gera eitthvað í þessu, hvort sem það væru sprautur, verkjalyf eða hvað sem er. Ég myndi aldrei missa af þessu. Þú þekkir mig aðeins betur en svo,“ sagði hann við blaðamann í léttum dúr.

**» Aron Einar spilaði sinn fyrsta mótsleik fyrir A-lið Íslands gegn Noregi á Ullevaal-leikvanginum þann 6. september 2008.**

## 9 dagar í EM 2016

Gylfi Þór Sigurðsson varð markahæsti leikmaður Íslands í undankeppninni og líka markahæsti leikmaður íslenska riðilsins með sín 6 mörk. Gylfi skoraði einu marki meira en næstmarkahæsti leikmaður riðilsins, Klaas-Jan Huntelaar frá Hollandi, og þremur mörkum meira en næstmarkahæsti leikmaður íslenska liðsins sem var Kolbeinn Sigþórsson. Tíu leikmenn skoruðu fleiri mörk en Gylfi í undankeppninni og enginn fleiri en Pólverjinn Robert Lewandowski, sem var markahæstur með 13 mörk.



## ÁGÚST ÞÓR HÆTTIR

Ágúst Þór Jóhannsson, landsliðsþjálfari kvenna í handbolta, lætur af störfum eftir undankeppni Evrópumótsins en stelpurnar okkar eiga tvo leiki eftir sem spilaðir verða á næstu sjö dögum.

Ágúst hefur þjálfað liðið í hálft sjötta ár og komið því tvisvar sinnum á stórmót. Ágúst kom stelpunum á HM 2011 þar sem liðið hafnaði í tólfta sæti og á EM 2012 þar sem stelpurnar urðu í fimmtánda sæti.

## RASHFORD FER Á EM

Marcus Rashford, framherji Manchester United, verður í enska landsliðshópnum á EM 2016 í Frakklandi en Roy Hodgson tilkynnti lokahópinn í gær.

Danny Drinkwater, miðjumaður Leicester, og Andros Townsend, leikmaður Newcastle, voru skornir frá upphaflega 26 manna hópnum.

Rashford er aðeins 18 ára gamall en hann skoraði átta mörk í fjórtán leikjum fyrir Manchester United á síðustu leiktíð. Hann skoraði í fyrsta Evrópuleiknum, fyrsta deildarleiknum og í fyrsta landsleiknum á dögunum.

England er með Rússlandi, Wales og Slóvakíu í riðli en liðið hefur leik gegn Rússum 11. júní.

**Enski hópurinn:**

**Markverðir**: Joe Hart (Manchester City), Fraser Forster (Southampton), Tom Heaton (Burnley).

**Varnarmenn**: Gary Cahill (Chelsea), Chris Smalling (Manchester United), John Stones (Everton), Kyle Walker (Tottenham Hotspur), Ryan Bertrand (Southampton), Danny Rose (Tottenham Hotspur), Nathaniel Clyne (Liverpool).

**Miðjumenn**: Dele Alli (Tottenham Hotspur), Ross Barkley (Everton), Eric Dier (Tottenham Hotspur), Jordan Henderson (Liverpool), Adam Lallana (Liverpool), James Milner (Liverpool), Raheem Sterling (Manchester City), Jack Wilshere (Arsenal).

**Framherjar**: Wayne Rooney (Manchester United), Harry Kane (Tottenham Hotspur), Jamie Vardy (Leicester City), Daniel Sturridge (Liverpool), Marcus Rashford (Manchester United).






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 1. júní 2016 | 22. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2
**Flestar eignir Kletts úti á landi**
Endurskoða má leigusamninga Kletts eftir ár. Almenna leigufélagið á 1.000 íbúðir eftir kaupin.

»5
**Svipmynd Sævar Helgi Bragason**
Sævar Helgi vinnur við sitt aðaláhugamál, stjörnufræði og vinnur að nýrri bók um himintunglin.

»7
**Grikkland gjaldþrota**
Lars Christensen segir ESB fresta því að leysa vanda Grikkja sem sé að landið geti ekki borgað skuldir sínar.

»7
**Viska fjöldans**
Meiri líkur eru á að stórir hópar taki rétta ákvörðun en einstaklingar að mati pistlahöfunda.

»8
**Spáð í forsetaspilin**
Stjórnarmaðurinn telur að Davíð Oddsson forsetaframbjóðandi ætti að gera upp eigin fortíð áður en hann ræðir fortíð annarra.



## Urðum að höfða Icesave-málið

**Forseti ESA segir Íslendinga þurfa að gera meira til að taka á innleiðingarhallanum. Icesave-málið hafi verið lærdómsríkt og nauðsynlegt til að skýra lagalega óvissu. Reglugerðir og eftirlit hafi verið ófullnægjandi fyrir bankahrun.** »4



SKJÓÐAN

# Lífeyrissjóðir kjósi með fótunum

**KRISTJÁN LOFTSSON,** stjórnarformaður HB Granda, hefur miklar áhyggjur af því að lífeyrissjóðir reyni að hafa áhrif á stjórn og stefnu fyrirtækja, sem þeir fjárfesta í, með því að beita afli sínu til að fá fulltrúa sína kjörna í stjórnir skráðra félaga.

**SJÁLFSAGT** vill Kristján verja þau áhrif sem hann hefur í krafti 40 prósenta eignarhluta síns í fyrirtækinu. Hann telur að lífeyrissjóðirnir eigi ekki að skipta sér af stjórnun og stefnumörkun skráðra fyrirtækja nema sem almennir hluthafar á hluthafafundum, heldur eigi þeir að kjósa með fótunum – með öðrum orðum að ef þeim líkar ekki við stefnu eða stjórnun félaga eigi þeir einfaldlega að selja hlut sinn.

**ÞAÐ ER TALSVERT** til í þessu hjá Kristjáni. Stjórnendur lífeyrissjóða og fulltrúarnir sem þeir velja til stjórnarstarfa í skráðum félögum hafa það vandasama hlutverk að gæta og ávaxta fjármuni sjóðsfélaga, sem hér á landi hafa nær engin áhrif á fjárfestingastefnu sjóðanna.

**ÞETTA BÝÐUR** upp á mikinn freistnivanda og raunar má segja að þetta bjóði hættunni heim. Lífeyrissjóðir eiga að taka ákvarðanir um kaup og sölu hlutabréfa og annarra eigna eingöngu út frá hagsmunum eigenda fjárins, sjóðsfélaganna. Lang heppilegasta nálgunin er sú að sjóðirnir skipti sér ekki af stefnumörkun og stjórnum fyrirtækja nema með því að ákveða annaðhvort að kaupa hlutabréf í þeim eða selja.

**HYGGIST LÍFEYRISSJÓÐIR** setja fulltrúa sína í stjórnir skráðra félaga er mikilvægt að setja skýrar reglur um slíkt. Starfsmenn og/eða stjórnarmenn lífeyrissjóða ættu almennt ekki að sitja í stjórnum skráðra félaga heldur ættu sjóðirnir að velja hæfustu sérfræðinga til stjórnarsetu.

**ÞÁ ER GRUNDVALLARATRIÐI** að stjórnarmenn á vegum lífeyrissjóða ættu ekki að þiggja stjórnarlaun frá skráðu félögunum. Þau laun ættu að renna til viðkomandi lífeyrissjóðs. Sjóðirnir eiga síðan að gera samninga við stjórnarmenn á sínum vegum til ákveðins tíma um greiðslur fyrir stjórnarsetu. Þær greiðslur haldist óbreyttar þó að lífeyrissjóðurinn selji hlut sinn og fulltrúi sjóðsins hverfi úr stjórn.

**ÞETTA ER MIKILVÆGT** vegna þess að stjórnarmaður sem þiggur stjórnarlaun í skráðu félagi hefur ríka hagsmuni af því að halda þessum stjórnarlaunum hvernig sem rekstur og afkoma fyrirtækisins þróast og því fara hans hagsmunir ekki saman við hagsmuni sjóðsfélaganna, sem eiga peningana sem standa að baki stjórnarsetunni.

**TREYSTI MENN** sér ekki til að setja reglur sem tryggja að hagsmunir sjóðsfélaga séu ávallt í fyrirrúmi við fjárfestingarákvarðanir lífeyrissjóða er vissast að banna lífeyrissjóðum að eiga fulltrúa í stjórn t.d. með því að kveða á um að hlutir í eigu lífeyrissjóða skuli ekki hafa atkvæðisrétt við stjórnarkjör. Þá hverfur freistnivandi þeirra.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 1. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Þjónustuviðskipti við útlönd, 1. ársfjórðungur 2016
- Brúartafla vöruviðskipta, þjónustuviðskipta og greiðslujafnaðar

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is
- Fasteignamat 2017 kynnt

**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Vaxtaákvörðun
**ARION BANKI** Kauphallardagar

**Föstudagur 3. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Valdir liðir útflutnings vöru og þjónustu

**HAGAR** Aðalfundur

**Mánudagurinn 4. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vöruviðskipti við útlönd, maí 2016

**Þriðjudagurinn 5. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi

**Miðvikudagurinn 5. júní**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Anton Brink**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is



Samkvæmt lýsingu Íbúðalánasjóðs á eignasafninu eru ⅔ af eignunum í þéttbýli á suðvesturhorninu. Moody's telur að sala eignanna muni styrkja stöðu Íbúðalánasjóðs og styrkja afkomu hans á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Máttu ekki bjóða upp á félagslegt húsnæði

Sala Íbúðalánasjóðs á Kletti er talin jákvæð fyrir afkomu sjóðsins. Áhrifin á leigumarkaðinn eru hins vegar óljós. Stjórnendur sjóðsins segja Eftirlitsstofnun EFTA hafa lagst gegn því að eignirnar væru nýttar sem félagslegt húsnæði.

Matsfyrirtækið Moody's segir að sala Íbúðalánasjóðs á Leigufélaginu Kletti, með 450 íbúðum, muni hafa jákvæð áhrif á sjóðinn og styrkja afkomu hans á næstu árum.

Ari Skúlason, hagfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans, tekur undir að salan sé til hagsbóta fyrir sjóðinn. Aftur á móti muni leigan hækka þegar leigusamningar verða endurskoðaðir. Það skjóti skökku við þegar ríkissjóður selur svo margar íbúðir á einu bretti þegar skortur er á félagslegu leiguhúsnæði.

Samkvæmt tilboði er kaupandinn skuldbundinn til að halda leiguverði óbreyttu í 12 mánuði, en óljóst er hvað tekur við eftir það.

Söluferli Kletts var tvískipt. Í fyrri hluta bárust átta tilboð. Í seinni hluta bárust þrjú skuldbindandi tilboð. Munurinn á hæsta og lægsta boði var 901 milljón króna. Tilkynnt var í síðustu viku að meirihluti stjórnar Íbúðalánasjóðs hefði ákveðið að taka tilboði hæstbjóðanda, upp á tíu milljarða, í félagið. Það tilboð átti Almenna leigufélagið, sem er í rekstri GAMMA.

„Ég þekki ekki nákvæmlega plönin en þetta virðist fljótt á litið skjóta svolítið skökku við að vera að losa sig við pakkann í hendur einkaaðila sem sér sér hag í því að vera að reka þetta sem leigustarfsemi," segir Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Hagfræðideild Landsbankans.

Einn fulltrúi í stjórn Íbúðalánasjóðs sat hjá við afgreiðslu stjórnarinnar. Í bókun sem Drífa Snædal lagði fram á stjórnarfundi sagði hún nauðsynlegt að stefna í átt að félagslegum lausnum í stað leigufélaga sem rekin eru í hagnaðarskyni.

„Með sölu á Kletti fer tækifæri forgörðum til að efla félagslegt leiguhúsnæði í samfélagslegri eigu til hagsbóta fyrir almenning og vegur það þyngra en að styrkja fjárhagslega afkomu sjóðsins með sölunni," segir í bókuninni.

Stjórnendur Íbúðalánasjóðs hafa aftur á móti bent á að ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hafi samþykkt stofnun Kletts með því skilyrði að leigufélagið yrði rekið tímabundið og á markaðslegum forsendum og ekki mætti niðurgreiða leigu eða nýta eignir þess sem félagslegt húsnæði.

Eygló Harðardóttir húsnæðisráðherra sagði í hádegisfréttum Bylgjunnar að hún gerði ekki athugasemdir við söluna. Þar skipti mestu máli að salan hafi farið fram í opnu söluferli. **jonhakon@frettabladid.is**

### 90% íbúðanna undir 120 fermetrum

Samkvæmt lýsingu Íbúðalánasjóðs á eignum Kletts er stærstur hluti íbúðanna 450 í leigu hjá fólki sem hefur búið í þeim um lengri hríð. Tveir þriðju af íbúðum Leigufélagsins Kletts eru í þéttbýli á SV-horninu og þriðjungur er á þéttbýlissvæðum úti um landið. Á landsbyggðinni eru flestar íbúðirnar á Akureyri (44 íbúðir) og í Fjarðabyggð (43 íbúðir). Á SV-horninu eru flestar íbúðir í póstnúmerinu 105 í Reykjavík (38 íbúðir) og í Reykjanesbæ (30 íbúðir). Níutíu prósent íbúðanna eru undir 120 $m^2$ að stærð og íbúðirnar eru að meðaltali 90 $m^2$ sem gerir þær að hagkvæmum leigueignum. Eftir söluna á Almenna leigufélagið 1.000 íbúðir. Þar af eru um 75 prósent á höfuðborgarsvæðinu og 25 prósent utan höfuðborgarsvæðisins.

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

## Vikan sem leið

**55%**
**eiginfjárhlutfall**

Heildareignir Haga, sem reka matvöruverslanirnar Bónus og Hagkaup, í lok síðasta rekstrarárs námu 29,7 milljörðum króna. Fastafjármunir voru 16,7 milljarðar króna og veltufjármunir 13 milljarðar króna en þar af eru birgðir 4,76 milljarðar. Eigið fé félagsins í lok rekstrarársins var 16,37 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall 55,1%.

**900**
**milljóna króna skuldabréfaútgáfa**

Lýsing gaf nýlega út 900 milljónir króna að nafnvirði í skuldabréfaflokknum LYSING 15 1. Skuldabréfin eru jafngreiðslubréf til fimm ára og greiða mánaðarlega vexti sem taka mið af 1 mánaðar REIBOR vöxtum að viðbættu 120 punkta álagi. Bréfin eru tryggð með veði í dreifðu lánasafni.

**10%**
**yfir meðallagi**

Velta með fasteignir á höfuðborgarsvæðinu var um 10% yfir meðaltalsveltu seinustu 12 vikna, í vikunni 20. til 26. maí. Fjöldi samninga var hins vegar um 20% undir meðaltali seinustu 12 vikna, jafnframt því sem meðaltalssamningsupphæð var um 50% yfir meðaltali. Líklegt er að viðskipti með verðmikið atvinnuhúsnæði vegi þungt inn í meðaltalið til hækkunar.

# GÓMSÆT TILBOÐ

*Þú færð allt sem þú þarfnast í Iceland, á frábæru verði!*






**5 Fyrir 4**
af öllum pizzum
- þú velur




**249** kr. stk.
ROCKSTAR ORKUDRYKKUR
500 ml.

Verð frá: **899** kr. stk.
BEN & JERRY´S ÍS - 500 ML
FRÁBÆRT ÚRVAL






**1199** kr. kg
VERÐ ÁÐUR: 1498 KR.
1. FLOKKS SS LAMBALÆRI
FROSIÐ. 2,1–2,6 KG

SS fremstir fyrir bragðið

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# Regluverkið fyrir hrun ófullnægjandi

**Sven Erik Svedman, forseti ESA, segir Íslendinga þurfa að gera meira til að vinna á innleiðingarhalla vegna EES tilskipana. Það sé Íslandi í hag. Svedman hefur sterkar taugar til Íslands en hans fyrsta barn fæddist hér á landi. Þá hafi Icesave-dómsmálið verið nauðsynlegt.**

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



„Ég tel að að ESA hafi orðið að höfða málið,“ Sven Erik Svedman, forseti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, um Icesave-málið sem stofnunin tapaði fyrir EFTA-dómstólnum.

„Þú lærir eitthvað af hverju máli. Í tilfelli Icesave töpuðum við fyrir EFTA-dómstólnum. En ég held að allir hafi lært af því,“ segir hann.

Svedman á að baki áratugalangan feril hjá norska utanríkisráðuneytinu, og starfaði meðal annars á Íslandi á árunum 1976 til 1978. Hann kom hingað til lands í miðju þorskastríði árið 1976 sem hann segir hafa verið spennandi tíma. Hans fyrsta barn fæddist á Landspítalanum og hann hóf Íslandsheimsóknina í þetta sinn með því að heimsækja Landspítalann og sitt gamla sendiráð.

„Það eru margir í fjármálakerfinu og stjórnmálum sem hafa spurt sig, tókum við rétta ákvörðun gagnvart Íslandi? Fólk hefur spurt sig að þessu víða.“

Engu síður hafi málshöfðunin verið nauðsynleg. „Ef við hefðum ekki gert það hefði það ekki endað fyrir EFTA-dómstólnum.“ Óvissa hafi verið uppi um túlkun á EES-samningnum sem skera hafi þurft úr um.

„EES-samningurinn er lifandi plagg og eitthvað sem allir hafa áhuga á. Samningurinn er mjög ólíkur því sem hann var þegar honum var komið á.“

Svedman bendir á að samfélagið sé í sífelldri breytingu og nefnir deilihagkerfið og stafræna hagkerfið sem dæmi um ný svið sem séu að verða til. „Þú vilt vera hluti af þeirri þróun, því er samningurinn lifandi. „Í þessu máli voru lögin skilgreind Íslandi í vil, án nokkurs vafa Íslandi í vil, en þetta var nauðsynlegt. Hefðum við ekki gert það hefði það ekki gerst og hver veit hvað hefði gerst næst?“

### Ekki mistök þó málið hafi tapast

Svedman segir að þó EFTA-dómstóllinn hafi ekki fallist á málflutning ESA, þýði það ekki að stofnunin hafi gert mistök. „Lög eru ekki vísindi, það þarf að túlka þau og þannig mótast lögin, þess vegna erum við aldrei hrædd við að tapa máli, en við forðumst í lengstu lög að gera það. Áður en við höfðum mál fyrir EFTA-dómstólnum skoðum við allar hliðar þess, svo við séum sannfærð um eigin rökfærslu, en sú túlkun gæti verið röng hjá okkur. En ef við erum hrædd við að tapa eða móta lögin þá myndi það ekki gerast. Það er hluti af ferlinu. Í tilfelli Icesave vorum við nógu hugrökk til að höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum. Ég segi starfsmönnum mínum að vera óhræddir við að hafa rangt fyrir sér en reyna að hafa rétt fyrir sér,“ segir hann og hlær.

### Ísland með hæsta hallann

Íslendingar eru með hæsta hallann á innleiðingum tilskipana af ríkjunum 31 sem eru aðilar að ESB og EES-samningnum en hallinn var 2,1 prósent í október. Meðaltalsinnleiðingarhalli ESB-ríkjanna er 0,7 prósent.

Svedman bendir á að staða Íslands sé ekki einstök. Norðmenn hafi átt í miklum vandræðum vegna hás innleiðingarhalla fyrir nokkrum árum. „En Ísland er núna með hæsta innleiðingarhallann af öllum ríkjum ESB og EES-svæðisins,“ segir hann.

Hann bendir á að innleiðingarhalli Noregs sé kominn niður í núll prósent. „En það þurfti samstillt átak til að það tækist,“ segir hann.

„Vandinn við þetta er tvíþættur. Íslensk fyrirtæki og einstaklingar geta ekki nýtt alla kosti sameiginlega markaðarins, þar sem allar reglur markaðarins gilda. Það er vont fyrir Ísland, það er vont fyrir efnahaginn, það er vont fyrir neytendur. Ef þessar reglugerðir eru ekki innleiddar í íslensk lög er það vandamál því ef þú ert hluti af bandalagi með 31 ríki þarftu að standa við þitt.“

Svedman segist hafa rætt þetta við íslensk stjórnvöld og þau viðurkenni vandann. „Það er svo sannarlega verið að stíga skref til að rétta af hallann og því verður að fagna. Þau eru að taka þessu alvarlega, en þau þurfa að gera meira.“

Hann segir Íslendinga eiga við kerfislægan vanda sem valdi innleiðingarhallanum. Hið sama hafi gilt um Noreg og á því hafi þurft að taka. „Við skipulögðum okkar vinnu á annan hátt, skipulögðum fundi með ráðuneytum, tókum öðru vísi á málum gagnvart þinginu, og við áttum við kerfislægan eða skipulagsvanda sem við leiðréttum, en það verður ekki gert á einni nóttu.“

### Eftirlitið brást fyrir hrun

Fyrir liggur frumvarp á Alþingi um innleiðingu Evróputilskipana sem snúa að fjármálamörkuðum. Samkvæmt frumvarpinu mun ESA fá eftirlitshlutverk gagnvart fjármálakerfi EFTA-ríkjanna þriggja og beita sér á íslenskum fjármálamarkaði að sögn Svedmans. „Það liggur lögggjöf fyrir Alþingi og norska þinginu, Liechtenstein hefur samþykkt hana, svo mögulegt sé hægt að bæta þjónustu á fjármálamarkaði við EES-samninginn, sem er vilji allra, Ísland vill það, Noregur og Liechtenstein.“

Svedman segir að einn af lærdómum bankahrunsins hafi verið að regluverkið hafi verið ófullnægjandi og eftirlit hafi ekki verið nægjanlegt. „Sérstaklega í fjármálakerfinu, en of mikið af reglugerðum er ekki svarið heldur,“ segir hann. Innan ESB, EFTA og ESA sé markmiðið að innleiða betri reglugerðir en ekki aukna skriffinnsku. „Því fleiri reglugerðir eru ekki endilega svarið heldur viðeigandi og góðar reglugerðir,“ segir hann.

„Ef þið hefðuð haft betri reglugerðir og meira gegnsæi hefði kannski eða líklega verið hægt að koma í veg fyrir það, þó erfitt sé að segja til um það,“ segir Sven.

Hann segir að breytingarnar muni jafna leikinn fyrir íslensk fjármálafyrirtæki. „Það munu sömu reglur gilda fyrir alla, það verður fyrirsjáanleiki sem er ástæða þess að allir, eftir því sem ég best veit styðja breytingarnar.“

> **Íslensk fyrirtæki og einstaklingar geta ekki nýtt alla kosti sameiginlega markaðarins, þar sem allar reglur markaðarins gilda. Það er vont fyrir Ísland.**
>
> Sven Erik Svedman, forseti ESA.



Sven Erik Svedman, forseti ESA, segir Íslendinga ekki fá að njóta allra kosta hins sameiginlega markaðar vegna innleiðingarhalla stjórnvalda hér á landi við upptöku EES-tilskipana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**2,1%**

**Innleiðingarhalli Íslands er hæstur allra ríka EES og ESB.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
1. JÚNÍ 2016 MIÐVIKUDAGUR



Harpa Dís Haraldsdóttir vonast til að sjá sem flesta á pop-up-markaði á morgun á milli klukkan 14 og 16.30 í Stjörnugróf 7-9. Valdimar Leó Vesterdal, Harpa Dís og Sveinbjörn Gestsson að gera klárt. MYND/ANTON

# POP-UP TIL STYRKTAR BJARKARÁSI

Fjörugur dagur verður á morgun þegar blásið verður til úti pop-up-markaðar í Stjörnugróf. Til sölu verður handverk og munir sem unnir eru í smiðjum Bjarkaráss og Lækjaráss auk þess sem lífrænt ræktað grænmeti verður einnig til sölu.

„Við munum selja ýmiss konar varning sem við erum að búa til í smiðjunni og í iðjunni í Bjarkarási og Lækjarási. Handverk og munir sem meðal annars eru búnir til úr leir og pappa. Þetta eru allt munir sem við höfum verið að vinna í vetur,“ segir Harpa Dís Haraldsdóttir, félagsliði í Bjarkarási, hæfingarstöð fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun. Vikulega sækja um fimmtíu einstaklingar þjónustu og vinnu í Bjarkarási. Meginstarfsemin fer fram á fimm deildum auk gróðurhúss og Sels.

„Smiðjurnar eru dagþjónusta sem einstaklingar með þroskahömlun sækja til að vinna,“ útskýrir Harpa. „Hægt er að sækja um að fara í smiðjuna og vinna þá þar í höndunum ull, gler og mósaík, úr leir og tré og fleira. Starfið byggist einnig á samvinnu, það búa kannski ekki allir til hluti en hafa þá kannski komið að annarri vinnslu, til dæmis tætt niður pappír sem nýttur er í einhverja muni. Það eiga því oft margir hlut í hverju verki. Við erum einnig með gróðurhús hérna á staðnum og ætlum að selja lífrænt ræktað grænmeti; tómata, gúrkur og paprikur og fleira.“

Harpa segir árlegan sumarmarkað Bjarkaráss fara fram í lok sumars þar sem uppskeran úr gróðurhúsinu er seld. Hann sé óskyldur viðburðinum á morgun en þetta sé í fyrsta sinn sem þau blási til pop-up-markaðar.

„Við höfum ekki haldið svona markað áður en vonumst til þess að hann geti orðið að árlegum viðburði,“ segir Harpa. „Við stöndum að þessu leiðbeinendurnir hér á lóðinni, þroskaþjálfar, félagsliðar og ein okkar er leirlistakona. Það er mikil stemming fyrir markaðnum hér í smiðjunni. Við ætlum að halda hann úti, verðum með kaffi og kleinur og þá ætlar stúlka sem vinnur hérna að spila á harmóníku,“ segir Harpa og vonast til að sjá sem flesta í Stjörnugrófinni á morgun, ágóðinn verði nýttur til styrktar starfinu í smiðjunni.

„Við sjáum fyrir okkur að geta til dæmis keypt einhver tæki og tól sem vantar. Það mun alltaf koma að góðum notum,“ segir Harpa.

Markaðurinn stendur milli klukkan 14 og 16.30 á morgun, fimmtudag, í Stjörnugróf 7-9.

**heida@365.is**



FRÉTTABLAÐIÐ

Veglegt sérblað um

EM í Frakklandi

kemur út 10. júní

Fyrir auglýsingar eða kynningar hafið samband við:

Bryndís Hauksdóttir
Sími 512-5434
bryndis@365.is

Jóhann Waage
Sími 512-5439
johannwaage@365.is

Atli Bergmann
Sími 512-5457
atlib@365.is












**Ólafur í Vitagarði, bakgarði KEX hostels. Þar verður slegið upp heljarinnar grillveislu á föstudagskvöld.** MYND/ANTON BRINK

# ELDAÐ YFIR ELDI

Í Vitagarði, bakgarði KEX hostels, verður slegið upp sérstæðri grillveislu á föstudagskvöld. Þar verður heilt lamb, svín, skötuselur, lúða og nautalæri steikt yfir opnum eldi fyrir hungraða gesti.

„Eldurinn er grunnþáttur í matreiðslu og það er gaman að fara aftur í ræturnar, taka út allt óþarfa nútímaprjál og elda yfir eldi,“ segir Ólafur Ágústsson, matreiðslumaður og veitingastjóri Sæmundar í sparifötunum á Kexi hosteli. Ólafur, ásamt matreiðslumönnum veitingahúsanna Hverfisgötu 12 og Dill restaurants, slá saman í heljarinnar grillsamsæti í Vitagarði, bakgarði KEX hostels á föstudagskvöldið.

Eldamennskan mun fara fram að fornum sið, það er yfir opnum eldi. „Við munum búa til grill úr vikursteinum. Rist verður yfir hluta þess en annað eldum við yfir opnum eldi,“ segir Ólafur. Notuð verða sérstök kol og birki úr Hallormstaðaskógi. Ætlunin er að elda grís, lamb og nautalæri í heilu lagi. „Við grillum líka heila skötuselshala og heila lúðu ásamt heilu grænmeti,“ segir Ólafur en í eftirrétt verða líklega grillaðir ávextir með gómsætu kremi. Undanfarna daga hefur staðið yfir undirbúningur enda þarf að láta kjötið hanga og síðar marinerast.

Ólafur segir nokkurn vanda að elda yfir eldi. „Þetta eru meiri læti og meiri spenna, samt er eitthvað róandi við þetta enda ekki hægt að stilla hitann, það er bara on og off,“ segir hann glettinn og bætir við að töluverðar pælingar séu í kringum þessa eldamennsku.

> Eldurinn er grunnþáttur í matreiðslu og það er gaman að fara aftur í ræturnar, taka út allt óþarfa nútímaprjál og elda yfir eldi.
>
> Ólafur Ágústsson



En tekur ekki langan tíma að elda svona heil dýr? „Það tekur um þrjá til fjóra tíma að elda heilt lamb í gegn, ætli taki ekki fimm til sex tíma að elda svínið.“

Daninn Mads Batterfeld, ríkjandi Danmerkurmeistari í svínakjötseldun og mikill kunnáttumaður í eldun yfir eldi, verður íslensku kokkunum innan handar á föstudaginn. „Mads starfar sem sous-chef á Henne Kirkeby Kro. Yfirkokkur á Henne Kirkeby Kro er stjörnukokkurinn Paul Cunningham og hlaut staðurinn á dögunum eina verðskuldaða Michelin-stjörnu,“ segir Ólafur en Mads er góður vinur Ragnars Eiríkssonar, yfirmatreiðslumanns á Dilli.

Pláss er fyrir fimmtíu gesti í grillboðinu sem mega borða eins mikið og þeir geta í sig látið. Nánari upplýsingar má fá í gegnum tölvupóstinn bodvar@kexland.is. **solveig@365.is**

## TATTÚLISTAMENN KOMA VÍÐA AÐ

The Icelandic Tattoo Convention verður haldin ellefta árið í röð helgina 3.-5. júní í Gamla bíói við Ingólfsstræti. Alls verða 25 flúrarar á svæðinu frá fjölmörgum löndum en þeir eru allir með áratugareynslu í bransanum.

Listamennirnir sérhæfa sig í hinum ýmsu stílum og því ættu allir að geta fundið eitthvað sem þeim líkar. Sem dæmi um stíl má nefna hefðbundinn stíl, vatnslitastíl, svart/hvítt, raunveruleikastíl, skrifletur, portrett, japanskan stíl og fleira mætti telja.

Lista yfir þá flúrara sem taka þátt í viðburðinum er að finna á Icelandic Tattoo Convention 2016 á Facebook.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 **|** Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



BMW R 1200 gs adventure. Árgerð 2012, ekinn 12 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Mikið af aukahlutum Verð 3.490.000. Rnr.115227.



SUZUKI Sx4 glx 4wd . Árgerð 2014, ekinn 19 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.980.000.eigum líka 2011 árg sjálfskiptan Rnr.211458.



TOYOTA Aygo. Árgerð 2012, ekinn 84 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TILBOÐ 1.190.000.Ásett verð 1.390.000 Rnr.330586.



TOYOTA Auris live disel. Árgerð 2016, Nýr bíll frá Toyota 5ára ábyrð. KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.190.000. Rnr.330608.



FORD F350 platinum. Árgerð 2016, Nýr bíll 37 tommu breyttur, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 10.879.000. Rnr.211448.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



**FRÁBÆR SPARIBAUKUR**
Hyundai Getz 1.1 3dyra árg '06, bsk, ek. 149þkm. Nýskoðaður, ný heilsársdekk omfl. Verð aðeins 490.000stgr Möguleiki á 100% Visa/euro kortaláni til 36mánaða greiðslubyrði yrði upb 21.000kr á mánuði. Uppl. í s. 861 6448

Toyota Corolla '1,4 árg. 02 ek. 243þús Uppl. í s. 894 3765

## 0-250 þús.

Nissan Maxima 96 Ek. 255.000 Sk. '17 Verð: 220.000 S: 8470313

## 500-999 þús.



**FLOTTUR SPARIBAUKUR - TILBOÐ 690 ÞÚS**
VW POLO 2005 (nýrra útlitið) ek.127 þús, tímakeðja, ný skoðaður 17, góður bíll ásett verð 790 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni S.841 8955

## 1-2 milljónir



**STATION MEÐ KRÓK KEYRÐUR 90 ÞÚS**
FORD FOCUS TREND STATION árg 2008 ek.90 þús, beinskiptur,dráttarkrókur,ný dekk, sk.17 lýtur mjög vel út, ásett verð 1490 þús TILBOÐ 1290 þús skoða skipti á ódýrari lánamöguleikar í boði S.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.

**Hringdu S. 615 1815**
**eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## til sölu



# Er með nýja stjörnufræðibók í smíðum

Sævar Helgi Bragason stjörnuáhugamaður hefur aðaláhugamálið sitt að atvinnu. Hann kennir börnum og unglingum að þekkja stjörnurnar, sýnir útlendingum norðurljósin og vinnur að byggingu stjörnufræðihúss við Hótel Rangá. En Sævar á líka fleiri áhugamál.

## SVIPMYND

### SÆVAR HELGI BRAGASON

Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness, vakti töluverða athygli í síðustu viku þegar fréttist að Stjörnufræðivefur hans væri gjaldþrota vegna virðisaukaskattsskuldar. Skuldin nam 450 þúsund krónum, en þegar fréttir af málinu urðu opinberar safnaðist fljótt upp í skuldina.

Sævar hefur um margra ára bil haft áhuga á stjörnufræði. En í dag er áhugamálið einnig atvinna hans. „Ég vinn við ýmislegt sem tengist stjörnufræði. Til dæmis hef ég verið að kenna, í Menntaskólanum í Reykjavík, stjörnufræði í sjötta bekk. Síðan hef ég verið að vinna ýmis menntaverkefni tengd Háskóla Íslands, eins og Háskóli unga fólksins, Háskólalestin og Vísindasmiðjan, þar sem ég hef tekið þátt í að kenna börnum og unglingum vísindi. Sem er ákaflega skemmtilegt,“ segir Sævar.

Að auki hefur Sævar unnið við að sýna ferðamönnum himininn og norðurljós. Hann hefur ásamt fleirum verið í samstarfi við Friðrik Pálsson á Hótel Rangá við að byggja upp stjörnuskoðunarhús. „Svo hef ég verið að skrifa bók og er að reyna að klára nýja bók,“ segir Sævar, en bækurnar eru skrifaðar í samstarfi við Vilhelm Anton Jónsson.

Áhugi Sævars á stjörnufræði nær langt aftur í tímann. „Ég hef alltaf verið heillaður af himninum og náttúru og vísindum. Ég ætlaði alltaf að verða sérfræðingur í reikistjörnujarðfræði þannig að ég ákvað að fara í jarðfræði í háskóla til að byrja með og er með B.Sc. í jarðfræði. En ég lít ekki á mig sem jarðfræðing heldur sem stjörnufræðing enda veit ég miklu meira um það en nokkru sinni um jarðfræði og er að hyggja á að klára meistaranám í stjarneðlisfræði á næstu tveimur árum eða svo,“ segir Sævar Helgi. Hann hafi djúpstæða þörf til að segja öðrum frá því hvað alheimurinn sé magnaður.

**Ég hef alltaf verið heillaður af himninum og náttúru og vísindum. Ég ætlaði alltaf að verða sérfræðingur í reikistjörnujarðfræði.**

Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.

En Sævar Helgi á fleiri áhugamál. „Ég fer töluvert mikið út að hlaupa og mér finnst óskaplega gaman að ganga um íslenska náttúru. Sömuleiðis hef ég lúmskt gaman af því að elda mat,“ segir hann. Þá finnst Sævari óskaplega gaman að ferðast og skoða heiminn.

Sævar Helgi á einn son sem er sex ára og byrjar í skóla í haust.

jonhakon@frettabladid.is



Sævar Helgi Bragason hefur stjörnufræðina ekki bara sem áhugamál, heldur einnig að atvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA


# VIÐ PRENTUM



Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI Prentgripur

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

## Nýsköpun

**Sævar Kristinsson,** ráðgjafi hjá KPMG
**Karl Friðriksson,** framkvæmdastjóri við Nýsköpunarmiðstöð Íslands



# Auðlegð fólgin í fjöldanum – magnið skiptir máli

Ör tækniþróun skapar áhrifaríkar nýjungar á degi hverjum sem oft gera hefðbundnar vörur úreltar. Þetta á ekki síst við um afkastagetu tölvubúnaðar sem hefur margfaldast á undanförnum árum. Þannig hefur myndast möguleiki á að safna og geyma ótrúlega mikið magn upplýsinga. Þessi nýja tækni við að safna, greina og miðla miklu magni upplýsinga er á ensku nefnt „big data“. Hafa þessir möguleikar þegar haft veruleg samfélagsleg áhrif og munu breyta viðhorfum til ólíkra þátta í þjóðfélaginu. Nánast ekkert er hér undanskilið og liggja ótrúlegir framtíðarmöguleikar í nýtingu stórra gagnasafna.

**Viska fjöldans í takt við framtíðina**
Svokölluð „crowd sourcing“ aðferð, þar sem leitast er við að fá álit fleiri en færri, er nú í vaxandi mæli nýtt til að fá fram skoðanir fólks með nýtingu vefsins. Hugmyndin byggir á visku fjöldans. Þessi aðferð er þekkt úr framtíðarfræðunum, svonefndri Delphi-aðferð, sem gengur út á að fá fram skoðanir fólks með sérþekkingu á tilteknu viðfangsefni. Með framangreindri tækniþróun er orðið mun auðveldara að nálgast notendur vöru og þjónustu en áður.

Þessar breytingar munu hafa veruleg áhrif á stjórnun og rekstur fyrirtækja og þá ekki síst á sviði markaðsmála og eins við rannsóknar- og þróunarstarf. Sama aðferðafræði er nýtt í vaxandi mæli á fleiri sviðum við fjármögnun nýsköpunarhugmynda, t.d. með nýtingu „Karolinafund“.

**Betur sjá augu en auga**
Stafrænar lausnir hafa verið þróaðar til að nota aðferðirnar á mun viðtækari hátt þar sem hægt er að fá skoðanir sérfræðinga víðsvegar um heiminn á ýmsum álitamálum. Byggir slíkt á aukinni notkun vefsins og einkum snjallsíma og slíkra tækja.

Ef ákveðinn fjöldi tekur afstöðu til ákveðins máls þá er líklegra en ekki að sú niðurstaða reynist réttari. Þannig er með auðveldum hætti hægt t.d. að minnka áhættu við ákvarðanatöku.

Bæði fyrirtæki og stofnanir ættu að vera vakandi fyrir því að nýta sér „visku fjöldans“ með þessum hætti því eins og gamalt íslenskt máltæki segir – „betur sjá augu en auga“.

## Biðraðir við banka í Simbabve




Mikill skortur er á reiðufé í Simbabve. Viðskiptavinir þurfa að standa í löngum röðum við banka til þess að taka út peninga. Sumir bankar gefa ekki út meira en sem nemur 50 Bandaríkjadölum á dag. Seðlabanki landsins mun eysa vandann með því að gefa út skuldabréf í október. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Grikkland: Mikið aðhald en enginn árangur



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Nú byrjar það aftur. Grikkland hefur gert enn einn samninginn við ESB og AGS varðandi samningsstöðu sína. Eða öllu heldur, eins og einn embættismaður ESB lýsti því í Financial Times: „Ef það lítur út eins og við séum að velta vandanum á undan okkur er það af því að við erum að því.“ Með öðrum orðum: Þetta er í rauninni ekki samningur til að leysa grunnvandann heldur samningur til að forðast að takast á við grunnvandann.

Hver er þá grunnvandinn? Megurinn málsins er sá að gríska ríkið er einfaldlega gjaldþrota og getur ekki borgað skuldir sínar, en Evrópusambandið neitar að viðurkenna þessa staðreynd. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn virðist skilja þetta og sennilega gera embættismenn ESB það líka, en pólitískt virðist ómögulegt að viðurkenna það því það myndi þýða að ESB yrði að viðurkenna að stefnan gagnvart vandamálum Grikklands hafi verið röng.

Sumir halda því fram að Grikkir hafi ekki gert nóg til að leysa sín eigin vandamál og að ef Grikkir kæmust upp með meiri háttar skuldaniðurfærslu myndi það bara hvetja til enn meiri ósiða, og það er sennilega rétt, en það breytir því ekki að það er mjög erfitt að sjá hvernig Grikkir geti borgað skuldir sínar.

Auk þess er það rangt þegar því er haldið fram að Grikkir hafi ekki gert neitt. Grikkir hafa í raun tekið upp strangari aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum en nokkur önnur þjóð í Evrópu. Ef við, til dæmis, lítum á uppsafnaðan sparnað í ríkisfjármálum í Grikklandi síðan 2009 þá sjáum við að Grikkir hafa dregið saman á þessu tímabili sem nemur 18-20 prósentum af vergri landsframleiðslu. Þetta er gríðarlegt aðhald í ríkisfjármálum á hvaða mælikvarða sem er.

> **Til að raunverulega leysa skuldavanda Grikkja þarf því að leysa hagvaxtarvanda þeirra, og það er ekki auðvelt.**

En eitt er viðleitnin og annað er útkoman og hér er sagan allt önnur. Síðan 2009 hafa opinberar skuldir Grikkja vaxið úr 108% af vergri landsframleiðslu árið 2008 í meira en 180% af vergri landsframleiðslu á þessu ári. Þannig hafa opinberar skuldir, þrátt fyrir mikið aðhald, haldið áfram að vaxa á hverju einasta ári síðan 2008.

Ástæða fyrir þessari niðurdrepandi þróun er sú staðreynd að í Grikklandi hefur orðið gríðarlegt hrun í efnahagsumsvifum. Þannig hefur nafnvirði vergrar landsframleiðslu fallið um næstum 30% síðan 2008. Sannarlega efnahagslegar hamfarir. Sama hversu hóflegt land er í ríkisfjármálum þá er ómögulegt að koma jafnvægi á skuldahlutföllin í svo miklum efnahagssamdrætti.

Til að raunverulega leysa skuldavanda Grikkja þarf því að leysa hagvaxtarvanda þeirra, og það er ekki auðvelt. Fjármálahvati gæti auðvitað verið lausn en Grikkir hafa ekki peninga til þess og markaðirnir munu ekki vilja fjármagna fjármálahvatapakka. Önnur lausn væri umfangsmiklar kerfisumbætur, og þær væru nokkuð heillavænlegri en fjármálahvati, en miðað við dýpt kreppunnar er ólíklegt að jafnvel yfirgripsmestu endurbætur myndu duga til og þá er aðeins ein lausn eftir – lausbeislaðri peningamálastefna.

En þar sem Grikkir stjórna ekki sinni eigin peningamálastefnu af því að landið er á evrusvæðinu er það í raun ekki mögulegt heldur. Reyndar er það mögulegt – ef Grikkir ákveða að yfirgefa evrusvæðið. Það virðist mjög áhættusamt úrræði en það er alveg augljóst að þetta er í raun eina lausnin sem myndi virka.

Það er því ekki spurning um hvort það verður „Grexit“, heldur hvenær. Þýskir skattgreiðendur munu ekki endalaust vilja borga fyrir að velta vandanum á undan sér.

# Svo lengi lærir sem lifir



## Hin hliðin

**Guðmunda Smáradóttir, forstöðumaður hjá Opna háskólanum**

Verðmæti fyrirtækja og stofnana veltur ekki hvað síst á fólkinu sem í þeim starfar. Sýnt hefur verið fram á að skilvirk og stefnumiðuð mannauðsstjórnun skilar sér í bættum rekstri og frammistöðu skipulagsheilda. Einn hluti stefnumiðaðrar mannauðsstjórnunar er starfsþróun. Helsti ávinningur starfsþróunar er aukin samkeppnishæfni einstaklinga, fyrirtækja og samfélaga, aukin starfsánægja og hollusta starfsmanna, meiri skilvirkni og minni starfsmannavelta. Starfsþróun getur tekið á sig mismunandi birtingarmyndir og til dæmis falist í því að starfsmenn vaxi „lárétt“ og taki að sér ný verkefni innan sömu skipulagsheildar eða taki á sig aukna ábyrgð í núverandi starfi. Annað dæmi um starfsþróun er þegar starfsmaðurinn þróast „lóðrétt“ og færist upp í sérfræðings- eða stjórnendastöðu.

Ólíkar aðferðir styðja við starfsþróun og það er mikilvægt að velja leiðir sem hæfa verkefnum, markmiðum og bakgrunni viðkomandi starfsmanns. Dæmi um aðferðir sem styðja við starfsþróun er t.d. sí- og endurmenntun, markþjálfun, þátttaka í fagfélögum og jafningja- og „mentor“-þjálfun.

Starfsþróun byggist í grunninn á samtali stjórnenda og starfsmanna sem koma sér saman um lærdómsþörfina út frá greiningu þarfa. Þarfagreining inniheldur m.a. greiningu á markmiðum viðkomandi fyrirtækis/deildar, greiningu á viðkomandi starfi sem og hæfni og þekkingu þess einstaklings sem starfinu sinnir. Þarfagreining eykur jafnframt líkurnar á því að fjármagni, tíma og orku sé rétt og skynsamlega varið.

Áður en starfsþróun er ákvörðuð er brýnt að það liggi fyrir hverju starfsþróunin eigi að skila og að stjórnandi og starfsmaður séu sammála um markmið og leiðir. Með öðrum orðum, ef stuðningur og skilningur stjórnenda á mikilvægi starfsþróunarinnar er ekki til staðar, þjónar það litlum tilgangi að halda af stað. Í nútímasamfélagi er brýnt að skapa starfsmönnum skilyrði til að vaxa og dafna í takt við þarfir atvinnulífsins og starfsþróun, byggð á þarfagreiningu, er lykilþáttur í að ná því markmiði.

# ALLTAF
## VIÐ HÖNDINA




**Þú getur alltaf nálgast Fréttablaðið á þægilegan og fljótlegan hátt. Blaðið er einnig aðgengilegt í heild sinni á vísir.is og í Fréttablaðs-appinu fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Þú færð appið á extras.visir.is/fbl eða beint í gegnum

Download on the App Store | GET IT ON Google Play | Get it from Microsoft

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 1. júní 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.829,43 3,74
(0,2%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Nútíð gegn fortíð

**Stjórnarmaðurinn** er nú ekki vanur að velta pólitík fyrir sér um of, en varla er annað hægt nú í ljósi sögulegra forsetakosninga sem fram undan eru. Hann fylgdist því agndofa með rimmu þeirra Davíðs Oddssonar og Guðna Th. Jóhannessonar í sjónvarpsþættinum Eyjunni á dögunum.

**Davíð var í kunnuglegum gír** – réðst að Guðna af öllum mögulegum og ómögulegum ástæðum. Flestum þó ómögulegum. Guðni átti að hafa gert lítið úr meintum sigrum Íslendinga í þorskastríðinu, sem lauk um það leyti sem hann fæddist. Hann átti að vera stækur Evrópusinni og einn helsti hvatamaður þess að Ísland undirgengist Icesave-skuldbindingarnar. Allt væri þetta sem eitur í beinum Davíðs og hans manna – næsti bær við landráð. Sem fyrr eru engir gráir fletir í tilveru Davíðs. Það er allt eða ekkert, með eða/og á móti.

**Stjórnarmaðurinn** er einn þeirra sem glöddust þegar Davíð kynnti framboð sitt. Þótt ekki væri nema fyrir skemmtanagildið. Gamanið var þó fljótt að kárna þegar gamli vígamaðurinn birtist í öllu sínu veldi eftir hófstillta byrjun.

**Blessunarlega virðast** meðul á borð við þau sem Davíð beitir hætt að virka. Þau eiga líklega ekki erindi á tölvuöld. Auðvelt að kveða niður hálfkveðnar vísur og leiðrétta hálfsannleik. Fólk sem er yngra en frambjóðandinn sjálfur hefur tól til að greina réttar fullyrðingar frá röngum á andartaki.

**Niðurstöður kannana** í kjölfar árása Davíðs eru órækur vitnisburður um þetta. Kannanir benda til að frekar fjari undan honum en hitt. Það er líka eina lógíska niðurstaðan eftir sjónvarpserjur síðustu daga.

**Það er einfaldlega** ekki eftirspurn eftir klækjarefum sem planta illgresi í blett nágrannans án þess að huga að eigin órækt.

**Davíð ætti að** horfast í augu við eigin fortíð áður en hann býr til sögur um aðra. Það væri ekki bara heillavænlegast í kosningabaráttunni sem nú stendur yfir, heldur vonandi einnig farsælast þegar kemur að því að skrá söguna sem hann hefur keppst við að endurskrifa undanfarin ár.


ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd gegn einelti


## 30,9

**MILLJARÐA HALLI Á VÖRUSKIPTUM**

30,9 milljarða halli var á vöruskiptajöfnuði fyrstu fjóra mánuði ársins, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Vörur voru fluttar inn fyrir 210,7 milljarða króna en út fyrir 179,8 milljarða króna. Á sama tíma árið áður voru vöruviðskiptin hagstæð um 8,9 milljarða.

## 20%

**SAMDRÁTTUR Í HAGNAÐI**

Hagnaður Volkswagen dróst saman um 20 prósent á fyrstu þremur mánuðum ársins miðað við sama tímabil árið áður. Hagnaður fyrir skatta nam 3,2 milljörðum evra á fyrsta fjórðungi en var 3,97 milljarðar árið áður. Matthias Müller, forstjóri Volkswagen, sagðist vera sáttur við niðurstöðuna miðað við aðstæður.

**30.05.2016**



**... en það er svo fjarri mér, eins og ég held að allir sanngjarnir menn hljóti að sjá, að ég hafi þar með verið að segja Íslendinga fávísan lýð. Ég hef líka talað um fræðimenn í fílabeinsturni. Þetta eru bara myndlíkingar og langt seilst að bera það upp á mig að mér þyki Íslendingar vera fávís lýður. Ég bara skil ekki svona háttalag.**

Guðni Th. Jóhannesson


STYRKTU ÞIG
Í STARFI

VILTU LÆRA MEIRA, BREYTA TIL EÐA
EFLA ÞIG Í EIGIN ATVINNUREKSTRI?



TAKTU SKREFIÐ 2016

KERFIS- OG NETSTJÓRNUN
DIPLÓMANÁM Í FORRITUN
BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUFÆRNI
VIÐSKIPTA- OG MARKAÐSNÁM
GRAFÍK OG MARGMIÐLUN
ALMENN TÖLVUFÆRNI

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv
Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, Þakmálun, Stíflulosun og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s. 6996980

**VIÐHALD FASTEIGNA**
JÁ IÐNAÐARMENN
Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

Tek að mér alla alhliða trésmíðavinnu. Uppl. í síma 869 1698.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Til byggingar



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



Sundfit í úrvali fyrir börn og fullorðna í stærðum 26—48
Aqua Sport
www.aquasport.is
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
www.aquasport.is

# HEILSA

## Nudd

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Nudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 855 3199 & 555 0939

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskútu. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - 895 1551

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur



Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**GAMLA SMIÐJAN LÆKJARGÖTU**
Óskar eftir starfsfólki til starfa. Vönum pizzabökurum í fullt starf og hlutastarf. Einnig vantar bílstjóra og fólk til afgreiðslu í fullt starf, kvöld og helgar vinnu.

Nánari uppl. gefur Kristinn S. 782-6600

Óska eftir véla/gröfumanni. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 647 2939 Davíð.

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sumarstarfsfólki í vinnu. Hvetjum þá sem hafa gaman af útiveru og vinna vel í hóp til að senda inn umsókn ásamt ferilskrá á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 775-7373**

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Stofnfundur Ensk setter deildar verður haldinn miðvikudaginn 8. Júní, kl. 20.00, í húsnæði HRFÍ - Síðumúla 15, 108 Reykjavík. Kosið verður í stjórn deildarinnar og almenn umræða milli deildarmeðlima.




## fasteignir

Atvinnueign
Fasteignamiðlun



**Halldór Már Sverrisson**
Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari
**898 5599**
**halldor@atvinnueign.is**

# Lyngháls 10



**Til sölu 317,9 fm atvinnuhúsnæði að Lynghálsi.** Um er að ræða iðnaðarhúsnæði / vörugeymslu með ca. 3.5 metra lofthæð og 3 metra innkeyrsluhurð. Iðnaðarrými er ca. 217,9 fm og annað rými er ca. 100 fm möguleiki er að breyta í íbúð. **Verð 54,9 miljónir.**

**Atvinnueign ehf - Síðumúla 13, 108 Reykjavík - s: 577 5500 - www.atvinnueign.is**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Heilsárshús í landi Hellishóla, Fljótshlíð

### Eignarland með víðáttumiklu útsýni







Glæsilegt og vandað 109,9 fm. heilsárshús vel staðsett á fallegum stað við Réttarmóa 9 í landi Hellishóla nærri golfvellinum í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.
Húsið stendur fremst við árbakka Grjótár sem rennur meðfram landinu sem er 4.094 fermetra eignarland.
Húsið er mjög bjart með fallegri glugga-setningu og með miklum vönduðum innréttingum. Rúmgóð borð- og setustofa með mikilli lofthæð. Þrjú svefnherbergi. Svefnloft yfir hluta hússins. Timburverönd umlykur húsið á alla vegu. Gólfsíðir gluggar eru í stofu og herbergjum. Gólfhiti er í öllu húsinu.

**Víðsýnt er til allra átta m.a. til Eyjafjalla-jökuls, Vestmannaeyja, Seljalandsfoss og Þríhyrnings í norðri.**

**Verð 34,9 millj.**

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# Heilsan er dýrmætust

**Nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík hafa stofnað ný samfélagsverðlaun, kennd við Andreu Urði Hafsteinsdóttur sem efndi til fræðslu innan skólans um geðsjúkdóma.**

Andrea Urður Hafsteinsdóttir, nýstúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík, er handhafi nýrra samfélagsverðlauna sem voru stofnuð í hennar nafni. Andrea Urður opnaði umræðu um geðsjúkdóma innan MR og deildi eigin reynslu. Þá stóð hún fyrir fræðsluviku um þunglyndi og aðrar lyndisraskanir og fékk fyrirlesara til að fræða nemendur um geðsjúkdóma. „Þetta var ótrúlega erfitt,“ segir hún um þá ákvörðun sína að deila reynslu sinni með samnemendum sínum. „Ég hugsaði um að hætta við þetta allt saman. Ég var næstum því búin að gubba á sviðið af stressi og þetta tók á,“ segir Andrea.

Frásögn hennar og fræðslan sem hún stóð fyrir varð til þess að nemendur í skólanum þekktu hjá sér einkenni og leituðu aðstoðar. „Það er mikils virði að fólk sem gerði sér ekki áður grein fyrir veikindum sínum gat leitað sér hjálpar,“ segir Andrea.

Í Menntaskólanum í Reykjavík starfar geðhjúkrunarfræðingur í 70% starfi. Andrea segir það nauðsynlegt. „Það er einsdæmi að hjá framhaldsskóla sé starfandi geðhjúkrunarfræðingur. Aðgengi að sérfræðingi skiptir máli,“ segir Andrea og segir ekki nóg að ræða við námsráðgjafa um geðsjúkdóma þótt hann geti vísað fólki rétta leið. Verðlaunin voru stofnuð í nafni Andreu Urðar af fráfarandi Inspector Scholae, Hönnu Maríu Geirdal. „Heilsa er ekkert síður mikilvæg en einkunnir. Það sem stendur eftir eftir menntaskólaárin er ekki endilega hvað þú lærðir heldur hvernig þér leið,“ segir Hanna María og segir verðlaunin verða veitt árlega til þess nemanda sem hefur skarað fram úr þegar kemur að hugrekki, heilsu, andlegri sem líkamlegri, og fyrir samkennd, væntumþykju og vináttu. „Andreu tókst að fylla nemendakjallarann og þar stóðu nemendur og hlustuðu á skólasystur sína tala um erfiða reynslu. Að auki stóð hún að fræðslu og stuðningi fyrir nemendur skólans. Framtak hennar er ómetanlegt enda stuðlaði það að því að margir aðrir nemendur leituðu sér hjálpar.“

Hanna María segist stolt af því að í MR starfi geðhjúkrunarfræðingur. „Það var vegna þrýstings frá nemendum, og rektor hefur einnig barist fyrir því að nemendur hafi aðgengi að þessari þjónustu. Aðrir skólar ættu að taka þetta sér til fyrirmyndar,“ segir Hanna María, fráfarandi inspector scholae.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**



**Samfélagsverðlaun nemenda Menntaskólans í Reykjavík eru veitt árlega við skólalok til heiðurs Andreu Urði Hafsteinsdóttur og kennd við hana.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

---



Elskulegi faðir okkar, afi og bróðir,

**Kristján Brynjólfur Kristjánsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði, mánudaginn 16. maí.
Útförin fer fram í Digraneskirkju fimmtudaginn 2. júní kl. 13.00.

**Kristbjörg Johansdóttir**
**Ingibjörg Brynjólfsdóttir**
**Benedikt Már Brynjólfsson**
**Hans Konrad Kristjánsson**

---



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, sonur, tengdasonur og bróðir,

**Þórður Vagnsson**
frá Bolungarvík,

sem lést fimmtudaginn 19. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Lindakirkju Kópavogi, föstudaginn 3. júní kl. 16.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Þórðar er bent á styrktarreikning í nafni eiginkonu hans: 0515-14-408968, kt. 200165-2259.

**Eleanor M. Vagnsson**
**Katrín Erlinda Þórðardóttir**
**Atli Ben Þórðarson**
**Birna Hjaltalín Pálsdóttir**
**Erlinda, Jocelyn, Danilo og Noel Manguilimotan og fjölskyldur**
**Soffía, Hrólfur, Margrét, Pálína og Haukur Vagnsbörn og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragna Bergmann Guðmundsdóttir**
fyrrverandi formaður Verkakvennafélagsins Framsóknar,

sem lést þann 25. maí, verður jarðsungin fráBústaðakirkju föstudaginn 3. júní klukkan 13.00.

**Eiríkur Þorsteinsson** · **Linda Björnsdóttir**
**Valur Ragnar Jóhannsson** · **Sædís Arndal**
**Katrín Gróa Jóhannsdóttir** · **Trausti Friðfinnsson**
**Jóhanna Huld Jóhannsdóttir** · **Albert Ingason**
**Guðrún Edda Jóhannsdóttir** · **Birgir Ingibergsson**
**Bergþóra Ósk Jóhannsdóttir** · **Ólafur Eyjólfsson**
**Örn Ingvar Jóhannsson** · **Iðunn Ása Hilmarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför

**Kristjáns Þorkelssonar**
Dalalandi 16, Reykjavík.

**Ragna Þórðardóttir**
**Þórður Kristjánsson** · **Bergdís Linda Kjartansdóttir**
**Sigurður Kristjánsson** · **Jórunn Magnúsdóttir**
**Lilja Kristjánsdóttir** · **Stefán Már Gunnlaugsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir, amma og langamma,

**Anna Kristjánsdóttir**
Garðatorgi 17, Garðabæ,

lést 25. maí á líknardeild Landspítalans.
Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju 3. júní kl. 13.00.

**Guðrún Einarsdóttir og Marta Hildur Richter**
**Sigurður Einarsson og Þórhildur Bjarnadóttir**
**Kristján Ari Einarsson og Jóhanna Ingvarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Hólmfríðar Magnúsdóttur**
frá Siglufirði,

sem lést 18. maí síðastliðinn, verður gerð frá Akraneskirkju í dag, miðvikudaginn 1. júní kl. 14.

**Ólöf Benediktsdóttir**
**Valgerður Edda Benediktsdóttir**
**Eva Benediktsdóttir** · **Baldur Sigurðsson**
**Magnús Vagn Benediktsson** · **Elín Vigdís Ólafsdóttir**
**Sigurður Benediktsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Sigurðar Ketils Gunnarssonar**
Hellulandi 8, Reykjavík,

sem lést 7. maí síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir frábæra umönnun og þjónustu.

**Sigríður Theodóra Guðmundsdóttir**
**Guðríður Sigurðardóttir**
**Gunnar Sigurðsson** · **Gerður Harpa Kjartansdóttir**
**Sigurður Grétar Sigurðsson** · **Anna Elísabet Gestsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,

**Sigfús Hreiðarsson**
smiður,
Kringlunni 53,

lést þann 28. maí á Landspítalanum.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Anna Hafliðadóttir**
**Hafliði Sigfússon** · **Berglind Guðrún Chu**
**Hildur Sigfúsdóttir** · **Gunnar Þór Tómasson**
**Edda Sigfúsdóttir** · **Stephen Nielsen**
**Hreiðar Holm**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Kristín Erna Gísladóttir**
Nesbala 118, Seltjarnarnesi,

lést á líknardeild Landspítalans þann 27. maí 2016.
Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 8. júní klukkan 13.00.

**Örn Baldursson**
**Gísli Þór Arnarson** · **Eyrún S. Gestsdóttir**
**Þórður Bjarki Arnarson** · **Sigurhanna Kristinsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru systur, mágkonu og frænku,

**Helgu Sigurlínu Karlsdóttur**
Lækjartúni 16, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hlíð fyrir góða umönnun.

**Erna T. Karlsdóttir**
**Ragnheiður S. Karlsdóttir** · **Björn Snorrason**
**Jón Emil Karlsson** · **Auður Sigvaldadóttir**
**Svala Karlsdóttir** · **Bragi Stefánsson**
**Sveinn Karlsson** · **Kristín E. Sveinbjörnsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Friðrik Ingimar Jónsson**
rafvirki,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 20. maí.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 3. júní kl. 13.00.

**Halldóra Guðmundsdóttir**
**Þórunn Ingimarsdóttir**
**Bjarnveig Ingimarsdóttir** · **Magnús Agnarsson**
**Ingunn Ingimarsdóttir** · **Kristinn G. Ólafsson**
**Halldóra Ingimarsdóttir** · **Pétur M. Sigurðsson**
**Bergþóra V. Ingimarsdóttir** · **Einar Th. Jónsson**
**Jón Ingimarsson** · **María Ósk Steinþórsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



COSMO
Kringlunni

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Suðlæg átt í dag og fremur hægur vindur. Dálítil súld með köflum sunnan- og vestanlands, en bjart að mestu fyrir austan. Hiti 10 til 19 stig að deginum, hlýjast norðaustan- og austanlands.

### Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 14° | ↗ 4 |
| Ísafjörður | 13° | ↗ 10 |
| Akureyri | 14° | ↗ 6 |
| Egilsstaðir | 17° | ↘ 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 19° | ↘ 4 |
| Hveravellir | 9° | ↗ 5 |

### Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13° | ↘ 3 |
| Ísafjörður | 14° | ↗ 7 |
| Akureyri | 16° | → 5 |
| Egilsstaðir | 18° | ↓ 1 |
| Kirkjubæjarkl. | 18° | ↑ 3 |
| Hveravellir | 12° | → 4 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hópur
6. Samtök
8. neitun
9. hár
11. tveir eins
12. benda
14. safna saman
16. borðaði
17. flott
18. mælieining
20. skóli
21. auma

**LÓÐRÉTT**
1. blað
3. öfug röð
4. nennuleysi
5. farfa
7. heilmikill
10. fugl
13. kóf
15. ilma
16. tunna
19. 950



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. holl, 6. aa, 8. nei, 9. ull, 11. tt, 12. flóki, 14. smala, 16. át, 17. fín, 18. mól, 20. fg, 21. arma. **LÓÐRÉTT:** 1. lauf, 3. on, 4. letilíf, 5. lit, 7. allstór, 10. lóm, 13. kaf, 15. anga, 16. áma, 19. lm.

### Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Hjartarson (2.547) átti leik gegn Guðmundi Gíslasyni (2.280) í fyrstu umferð Íslandsmótsins í skák í gær.

**20. Bg4! Dg6 21. Df2 Rxd4 22. Bxd7 Re6 23. Bxe8 Dxe4 24. Bxf7+ Kh8 25. Da7! 1-0.**

Íslandsmótið hófst með mjög fjörlegri umferð.

**www.skak.is:** Önnur umferð kl. 15.

**Hvítur á leik**




# Samtök aldraðra

## Framhaldsaðalfundur

**Byggingasamvinnufélags Samtaka aldraðra bsvf. verður haldinn þriðjudaginn 7. júní 2016 kl. 14:00 í safnaðarheimili Grensássóknar, Háaleitisbraut 66.**

**Dagskrá:**

1. Kjör stjórnar og endurskoðenda (skoðunarmanna).
2. Önnur mál (Breytingar á samþykktum félagsins o.fl.mál sem heyra undir aðalfund samkv. lögum).
3. Kynning á fyrirhuguðum íbúðum á Kennaraskólareitnum, Stakkahlíð/Bólstaðahlíð

Breytingartillögur á samþykktum félagsins liggja frammi á skrifstofu félagsins, Síðumúla 29, Reykjavík og á vef samtakanna „aldradir.is".

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á þennan fund.

Stjórnin

Síðumúla 29 • 108 Reykjavík • S: 552 6410 • samtokaldradra@heimsnet.is


## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 3 | | 1 | 8 | |
| 3 | | | | | 1 | | | 4 |
| 4 | | 2 | 7 | | | | | |
| | | 4 | 6 | | 2 | 8 | | 3 |
| | | 1 | | 7 | | | 6 | 9 |
| | 6 | | 3 | | 9 | | 5 | |
| | 4 | | | 2 | 7 | | 1 | |
| 8 | | | 1 | 5 | 6 | | | 7 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 6 |
| | 5 | | 9 | | | | | 8 |
| 6 | | 8 | 2 | | 4 | 5 | | |
| | | | 8 | | | 4 | 3 | |
| | | 7 | 4 | 9 | | | | 2 |
| | 9 | 1 | | 5 | | 6 | | |
| | | | 6 | | 3 | | | |
| | 2 | | 5 | | | | | |
| 5 | | 9 | | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | 3 | 6 | | | 5 |
| | 2 | | | 5 | | 6 | 4 | 8 |
| | | | | | | | 2 | |
| | 4 | 7 | 6 | | | | | |
| | | | | 8 | 9 | 4 | | |
| 6 | | | | 2 | | | | |
| | | 9 | 7 | | | | | |
| | | | | 9 | 2 | | 8 | |
| 8 | 6 | | | | 3 | 5 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 7 | 4 | 2 | 9 | 6 | 5 | 3 |
| 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 4 | 3 | 1 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 |
| 2 | 9 | 8 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 5 | 1 | 3 | 2 | 8 | 4 | 7 | 9 | 6 |
| 6 | 2 | 9 | 7 | 1 | 5 | 3 | 4 | 8 |
| 8 | 7 | 4 | 6 | 9 | 3 | 2 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 | 9 | 7 |
| 6 | 4 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 5 | 7 | 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 4 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 1 | 2 | 7 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 4 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 3 | 6 | 5 | 8 | 7 |
| 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 1 | 5 | 2 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 9 | 2 | 8 | 7 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| TMNT 2 3D | KL. 3:30 - 6 - 8:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| TMNT 2 2D VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 8 - 10:20 |
| MOTHER'S DAY | KL. 5:30 - 8 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 3 - 5:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 3:10 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 4 - 6:30 |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 |
| KEANU | KL. 10:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 9 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| TMNT 2 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 8 - 10:30 |
| WARCRAFT 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 7:45 - 10:40 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:20 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| TMNT 2 3D | KL. 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 8 |
| WARCRAFT 2D | KL. 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 |
| MOTHER'S DAY | KL. 10:30 |










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WARCRAFT | 5:30, 8, 10:30(P) |
| TMNT 2 | 5:30 |
| TMNT 2 3D | 8 |
| MONEY MONSTER | 5:30 |
| X-MEN APOCALYPSE 3D | 10:20 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 5:30 |
| BAD NEIGHBORS 2 | 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



Spunaleikjhópurinn Improv Ísland. MYND/DÓRA JÓHANNSDÓTTIR

## 1. JÚNÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** Moses Hightower
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Moses Hightower kemur saman á Húrra í kvöld. Húsið verður opnað kl. 20.00 en bandið lætur til sín taka kl. 21.00. Miðasala á tix.is.

**Hvað?** Blóðhófnir
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Blóðhófnir í flutningi tónlistarhópsins Umbra. Tónlistarhópurinn Umbra flytur nýtt tónleikhúsverk eftir Kristínu Þóru Haraldsdóttur, byggt á ljóðabálki Gerðar Kristnýjar, Blóðhófni, í sviðsetningu Sögu Sigurðardóttur. Blóðhófnir byggir á hinum fornu Skírnismálum sem skáldkonan Gerður Kristný flutti í nútímalegt söguljóð og hlaut fyrir Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2010 í flokki skáldverka. Aðeins ein sýning. Verkið er sýnt á Listahátíð í Reykjavík.

### Markaður

**Hvað?** Fatamarkaður
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs, aðalsafn
Í dag blæs Bókasafn Kópavogs til fatamarkaðar í aðalsafni. Tilvalið að koma og finna sér föt fyrir sumarið á góðu verði. Allir velkomnir.

### Leikhús

**Hvað?** Improv Ísland
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn
Spunaleikhópurinn Improv Ísland hefur vakið heilmikla athygli síðan hann fór af stað. Hópurinn samanstendur af spunaleikurum úr öllum áttum og eru um þrjátíu manns sem skiptast á að sýna í hverri viku. Listrænn stjórnandi er Dóra Jóhannsdóttir. Aðgangseyrir 1.500 krónur.



**Guðni Th. Jóhannesson verður í Ráðhúsinu í dag í tilefni útgáfuboðs sem þar fer fram klukkan 15.00.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Bókmenntir

**Hvað?** Útgáfuboð „Talar þú cebuano? Ævintýri fjöltyngdra barna í Reykjavík“
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Ráðhús Reykjavíkur
Í dag, á alþjóðlega barnadeginum, verður útgáfuboð bókarinnar „Talar þú cebuano? Ævintýri fjöltyngdra barna í Reykjavík“ eftir Aleksöndru Chlipala og Klaudiu Migdal haldið í Ráðhúsinu. Guðni Th. Jóhannesson mætir sem sérstakur gestur.

**Hvað?** Leshringurinn konu- og karlabækur
**Hvenær?** 16.15
**Hvar?** Menningarhúsið, Árbæ
Lestur mánaðarins er Stúlka með maga eftir Þórunni Valdimarsdóttur og ljóðabók að eigin vali eftir Ingunni Snædal. Allir innilega velkomnir.

### Annað

**Hvað?** Frístundahreysti Guluhlíðar
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hátún 14
Börnin á frístundaheimilinu Guluhlíð hafa í allan vetur æft sig í þrautabraut og ýmsu tómstundastarfi. Nú er komið að uppskeruhátíð. Árið 2015 fékk tómstundastarfið hvatningarverðlaun skóla- og frístundasviðs og hefur stækkað mikið síðan. Nú hefur verið komið á samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra og Skólahreysti. Í dag felst sýning verkefnisins í því að börnin fara þrautahringi og til aðstoðar verða íþróttamenn úr fremstu röðum ásamt Kyndilsveit lögreglunnar: Páll Óskar tekur lagið.

**Hvað?** Night of Worship
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Smárakirkja
Hið mánaðarlega lofgjörðarkvöld verður haldið í kvöld, en kvöldin eru alltaf fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Allir hjartanlega velkomnir.



# Allar að túlka Gerði Gymisdóttur

**Nýtt tónleikhúsverk eftir Kristínu Þóru Haraldsdóttur sem byggt er á Blóðhófni, ljóðabálki Gerðar Kristnýjar, verður flutt í kvöld í Tjarnarbíói. Það er liður í dagskrá Listahátíðarinnar í Reykjavík.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Blóðhófnir Gerðar Kristnýjar er sterkt listaverk eitt og sér, við erum í raun að gera annað verk úr því en notum allan textann. Skáldkonan veitti okkur fúslega leyfi til þess og hefur gefið okkur frjálsar hendur,“ segir Kristín Þóra Haraldsdóttir tónskáld um tónleikhúsverkið Blóðhófni. Það verður flutt í tali, tónum og hreyfingum í Tjarnarbíói í kvöld klukkan 20.30 af tónlistarhópnum Umbru sem notar upprunahljóðfæri og syngur og er skipaður sex konum. Kristín Þóra er sjálf þar á meðal og spilar á barokkvíólu. „Lilja Dögg Gunnarsdóttir er forsöngvari hópsins og fer með langstærsta hluta textans. Allar erum við í raun að túlka jötunmeyna Gerði Gymisdóttur og Saga Sigurðardóttir dansari hefur séð um að semja hreyfingar fyrir okkur því við tökum þátt í túlkuninni umfram tónana sem við spilum og syngjum.“

Texti ljóðaflokksins er fluttur í heild sinni, að sögn Kristínar Þóru. „Ég tímdi ekki að sleppa einu einasta orði. Gerður Kristný gerði svo fallegan hluta um það þegar jötunmærin kveður landið sitt og móður sína og grefur sig í jörð, sem er ekki í Skírnismálum, þar er þess bara getið að hún hafi beðið í níu nætur og komið síðan aftur, en Gerður Kristný bjó til flottan texta um hvað hún var að gera í þessar níu nætur. Í þeim kafla erum við að umvefja hana tónum.“

Kristín Þóra segir hugmynd að verkinu hafa komið frá Lilju Dögg og fleirum í Umbruhópnum. „Þær vildu fá nýtt tónverk fyrir sig, leituðu til mín og stungu upp á þessum ljóðaflokki. Það vildi svo til að ég hafði dálæti á honum líka. Þetta er búið að vera sameiginlegt sköpunarverk okkar nú á vormánuðum. Ég skrifaði það og sumt bara nýlega og segja má að hópurinn hafi farið langt út fyrir sitt þægindasvið.“

Tónleikarnir í kvöld eru þeir einu sem eru planaðir núna. „En við stefnum að því að flytja Blóðhófni oftar, það er ekki spurning,“ segir Kristín Þóra. „Þetta er bara upphafið.“



Kristín Þóra samdi tónverkið fyrir Umbruhópinn sinn og er meðal flytjenda í Tjarnabíói í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### UM BLÓÐHÓFNI

**Blóðhófnir er byggt á hinum fornu Skírnismálum en skáldkonan Gerður Kristný færir þau listilega í nútímalegt söguljóð. Jötunmærin Gerður Gymisdóttir segir sögu sína af því er Freyr sendi skósvein sinn, Skírni, að sækja hana í Jötunheima á hestinum Blóðhófni. Gerður vildi vera um kyrrt í Jötunheimum, þar sem árnar runnu um æðar hennar, en með ógnum og göldrum eru öll völd af henni tekin.**

# Þrumandi söngur, mæðulegur strengjaleikur

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**

★★★☆☆

Verk eftir Händel, Vivaldi, de la Guerre, Porpora, Purcell og Vivaldi.
**Flytjandi:** Symphonia Angelica
**Guðríðarkirkja**
Fimmtudagur 26. maí

Nauðgun var aðalyrkisefnið á tónleikum barokkhópsins Symphonia Angelica í Guðríðarkirkju á fimmtudagskvöldið. Aðalpersónan var Lucrezia, fögur, rómversk stúlka sem var uppi 500 árum fyrir Krist. Konungssonur nauðgaði henni og það leiddi til þess að hún fyrirfór sér. Þetta olli ólgu í samfélaginu, á endanum var gerð bylting og rómverska lýðveldið var stofnað.

Um atburðinn hafa fleiri en eitt tónskáld samið tónlist. Britten skrifaði t.d. óperu sem hefur verið sett upp hér á landi. En núna átti Händel tónlistina um nauðgunina og var Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzó-sópran í aðalhlutverkinu. Hún er mögnuð söngkona. Eins og nærri má geta er tónlistin gríðarlega átakamikil og Sigríður skilaði henni á áhrifaríkan hátt til áheyrenda. Röddin var í senn tær og víðfeðm og túlkunin kröftug og full af myrkum tilfinningum.

Með Sigríði léku Halldór Bjarki Arnarson á sembal, Arngeir Heiðar Hauksson á teorbu (eins konar risastór lúta) og Sigurður Halldórsson á selló. Spilamennskan var kraftmikil eins og hæfði viðfangsefninu. Sérstaklega var sellóleikurinn skemmtilega hamslaus. Sannaðist þarna að þótt barokktónlist sé vissulega formföst og hátíðleg, getur hún verið lífleg líka.

Kantatan eftir Händel var langbesta atriði tónleikanna. Fæst annað hitti í mark. Þetta voru ýmist aríur eftir Elizabeth-Claude Jacquet de la Guerre, Händel og Nicola Porpora, og hljóðfæraverk eftir Purcell og Vivaldi. Í lokin var uppklappslag, aría úr Dido og Aeneas eftir Purcell. Það var allt saman fremur einsleitt. Ástæðan var fiðlu- og víóluhópurinn, sem samanstóð af Hildigunni Halldórsdóttur, Guðbjörgu Hlín Guðmundsdóttur og Þóru Margréti Sveinsdóttur. Þær spiluðu vissulega ekki illa, en það var engin dirfska í leik þeirra. Sama hvert viðfangsefnið var þá léku þær allt eins. Þær vönduðu sig of mikið. Leikurinn fór aldrei á flug. Einhvers konar flatneskjulegur mæðutónn var í spilamennskunni sem fór tónlistinni illa og var þreytandi áheyrnar.

Þetta var synd því Sigríður Ósk var frábær, en hún naut sín ekki alltaf. Meðleikur er ekki bara eitthvert undirspil, hann er öll stemningin í kringum sönginn, landslagið, litirnir, angan í loftinu. Ef meðleikararnir spila dauft verður söngurinn aldrei alveg eins og hann á að vera. Það var því miður oftast uppi á teningnum hér þótt kantatan eftir Händel hafi verið afburða góð. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Fallegur söngur, en meðleikurinn var upp og ofan.

Þú færð landslagsráðgjöf og garðlausnir hjá okkur









Graníthellur
Steypustöðin býður upp á mikið úrval af fallegum hellum og mynstursteypu fyrir heimili, garða, göngustíga og bílaplön.
4 400 400
Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.
YFIR 20 TEGUNDIR AF HELLUM
Skoðaðu úrvalið á www.steypustodin.is
STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Smiðjuvegi, 870 Vík | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

ALLA DAGA | Í OPINNI DAGSKRÁ 18:55

# ÖFLUGASTA ÍÞRÓTTADEILD LANDSINS







**Öll kvöld strax að loknum fréttum í opinni dagskrá á Stöð 2**

# LENGRI ÍÞRÓTTAFRÉTTIR

*Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.

2 SPORT

Við bjóðum uppá fjölbreytt úrval af íþróttaefni í Sportpakka 365 og erum með öflugasta íþróttafréttateymi landsins sem flytur ykkur daglega fréttir á Stöð 2, Stöð 2 Sport, Bylgjunni, X977, Fréttablaðinu og á íþróttavef Vísis. Við erum íþróttadeild 365!

365.is | Sími 1817

365

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




LOKAÞÁTTUR

2 | 21:10

**BLINDSPOT**

Hörkuspennandi þættir um unga konu sem finnst á Times Square en hún er algjörlega minnislaus og líkami hennar er þakinn húðflúri. Alríkislögreglan kemst að því að hvert húðflúr er vísbending á glæp sem þarf að leysa.

FRÁBÆRT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

2 | 19:55

**MIKE & MOLLY**

Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.



2 | 21:55

**TOGETHERNESS**

Tvö pör sem búa undir sama þaki en þurfa að láta sambúðina ganga upp ásamt því að reyna að rækta ástalífið og eltast við að láta drauma sína rætast.




2 | 21:50

**YOU´RE THE WORST**

Gamanþáttur um tvo einstaklinga sem eru afar gagnrýnir á sjálfa sig og veröldina.




2 | 22:50

**REAL TIME WITH BILL MAHER**

Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.




b | 22:00

**JESSE STONE**
**BENEFIT OF THE DOUBT**

Sakamálamynd með Tom Selleck í hlutverki harðskeytta löggæslumannsins Jesse Stone.




3 | Kl. 19:25

**ENTOURAGE**

Gamanþáttaröð um Vincent sem er ungur leikari á uppleið í Hollywood. Hann hefur þrjá æskuvini sér til halds og trausts og veitir ekki af.



©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go
**07.50** The Middle
**08.10** Mindy Project
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Logi í beinni
**11.10** Anger Management
**11.35** Enlightened
**12.05** Hello Ladies
**12.35** Nágrannar
**13.00** Feðgar á ferð
**13.25** Manstu
**14.10** Mayday
**14.55** Glee
**15.40** Sirens
**16.05** Baby Daddy
**16.30** Teen Titans Go
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.10** Víkingalottó
**19.15** Friends
**19.40** The Middle
**20.00** Mike & Molly
**20.25** **Our Lives. Too Fat to Fly** Sérstakur heimildaþáttur sem fjallar um offitu sem er alvarlegt heilsufarsvandamál um allan heim og þann vanda sem flugfélög og ferðamannastaðir standa frammi fyrir vegna þess.
**21.10** Blindspot
**21.55** Togetherness
Glænýir og vandaðir gamanþættir frá HBO sem fjalla um tvö pör sem búa undir sama þaki en þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákomum ásamt því að reyna að rækta ástarlífið og eltast við það að láta drauma sína rætast. Þættirnir eru í leikstjórn Jay og Mark Duplass en sá síðarnefndi fer einnig með eitt aðalhlutverkið ásamt Amöndu Peet.
**22.25** You're the Worst
**22.50** Real Time with Bill Maher
**23.50** Containment
**00.35** Lucifer
**01.20** X-Men
**03.05** Rita
**03.50** Rita
**04.30** Rita

## SPORT

**10.00** Season Highlights
**10.55** Markaþáttur Pepsi-deildar kvenna
**11.40** Hull City - Sheffield Wednesday
**13.25** Football League Show
**13.55** Demantamótaröðin - Eugene
**16.00** Final Four - 3. sætið
**17.30** Final Four - Úrslitaleikur
**19.55** Markaþáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
**20.25** KR - Valur
**22.20** Pepsímörkin
**23.55** Þróttur - ÍBV

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** **Dean & Deluca Invitational** Útsending frá þriðja keppnisdegi Dean & Deluca Invitational á PGA mótaröðinni.
**13.50** **BMW PGA Championship** Útsending frá lokadegi BMW PGA Championship á Evrópumótaröðinni.
**18.05** **Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**18.55** **Dean & Deluca Invitational** Útsending frá lokadegi Dean & Deluca Invitational á PGA mótaröðinni.
**00.00** PGA Tour 2016 - Highlights

## STÖÐ 3

**17.45** Raising Hope
**18.10** The Big Bang Theory



**18.30** Modern Family
**18.50** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Næturvaktin
**20.25** Óupplýst lögreglumál
**20.55** The Listener
**21.40** iZombie
**22.25** American Horror Story: Hotel
**23.15** Flash
**23.55** Gotham
**00.40** Arrow
**01.25** Fóstbræður
**01.55** **Entourage** Gamanþáttaröð um Vincent Chase sem er ungur leikari á hraðri uppleið í Hollywood. Hann hefur þrjá æskuvini sér til halds og trausts og veitir ekki af. Það eru margar freistingar í kvikmyndaborginni og auðvelt að fara út af sporinu. Fjöldi þekktra gestaleikara kemur við sögu.
**02.25** Næturvaktin
**02.50** Óupplýst lögreglumál
**03.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Rasmus Klumpur og félagar
**07.55** UKI
**08.00** Ljóti andarunginn og ég
**08.25** Latibær
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Lína Langsokkur
**09.25** Lukku-Láki
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Víkingurinn Viggó
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Rasmus Klumpur og félagar
**11.55** UKI
**12.00** Ljóti andarunginn og ég
**12.25** Latibær
**12.48** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Lína Langsokkur
**13.25** Lukku-Láki
**13.48** Mæja býfluga
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Víkingurinn Viggó
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Rasmus Klumpur og félagar
**15.55** UKI
**16.00** Ljóti andarunginn og ég
**16.25** Latibær
**16.48** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Lína Langsokkur
**17.25** Lukku-Láki
**17.48** Mæja býfluga
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Víkingurinn Viggó
**19.00** Lína Langsokkur



Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15:24

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10** Grace of Monaco
**12.55** The Fault in Our Stars
**15.00** Hyde Park on Hudson
**16.35** Grace of Monaco
**18.20** The Fault in Our Stars
**20.25** **Hyde Park on Hudson** Skemmtileg mynd frá 2012 með Bill Murray, Lauru Linney og Oliviu Williams í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um ástarsamband Franklins D. Roosevelt, forseta Bandaríkjanna, og fjarskyldrar frænku hans, Daisy Suckley, en sagan gerist helgi eina árið 1939 þegar bresku konungshjónin heimsóttu forsetann í uppsveitum New York-fylkis.
**22.00** **Jesse Stone: Benefit of the Doubt** Spennandi sakamálamynd með Tom Selleck í hlutverki harðskeytta löggæslumannsins Jesse Stone sem neyðist til að koma aftur til starfa eftir að hafa farið á eftirlaun og þarf að leysa erfitt sakamál nánast á eigin spýtur.
**23.30** Lockout
**01.05** Sacrifice
**02.45** Jesse Stone: Benefit of the Doubt

## RÚV

**16.45** Landinn
**17.15** Táknmálsfréttir
**17.30** Noregur - Ísland
**19.50** Víkingalottó
**20.00** Fréttir
**20.25** Íþróttir
**20.30** Veður
**20.35** Heill forseta vorum: Pólitíkin á Bessastöðum
**21.05** Neyðarvaktin
**21.50** Bækur og staðir
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Kynningar frambjóðenda – Forsetakosningar 2016
**22.25** Blenheim-höll: Frægt höfðingjasetur
**23.15** Hernám
**00.00** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** America's Next Top Model
**09.45** Survivor
**10.30** Pepsi MAX
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Black-ish
**13.55** The Good Wife
**14.40** 90210
**15.25** Life in Pieces
**15.50** Grandfathered
**16.15** The Grinder
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Telenovela
**20.15** America's Next Top Model
**21.00** Chicago Med
**21.45** Satisfaction
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Wicked City
**00.35** The Catch
**01.20** Scandal
**02.05** Chicago Med
**02.50** Satisfaction
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# RÝMINGARSALA

## Á STÓRUM TÆKJUM

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR



# 80%

***Rýmum fyrir nýjum vörum og seljum því síðustu eintök af eldri módelum með allt að 80% afslætti.***



*Mjög takmarkað magn!*

**OFNAR**

**HÁFAR**

**HELLUBORÐ**

**KÆLISKÁPAR**

**UPPÞVOTTAVÉLAR**

**ÞVOTTAVÉLAR**

**ÞURRKARAR**

**OG MARGT FLEIRA**

***Fyrstur kemur fyrstur fær!***

***Rýmingin stendur aðeins yfir í örfáa daga.***

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is









Sverrir Bergmann, Halldór Gunnar og Friðrik Dór eru líklegir til að kaffæra Herjólfsdal í gæsahúð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Innblásinn af þrjátíu ára ástarsögu

**Þjóðhátíðarlagið í ár er stútfullt af rómantík og ber titilinn Ástin á sér stað. „Hvað ætli margar svona ástarsögur hafi orðið til á Þjóðhátíð, á þessum hundrað og fjörutíu árum?“ spyr lagahöfundurinn Halldór Gunnar Pálsson, sem gat ekki annað en gert lag úr sögunni.**

„Ég stóð þarna á Þjóðhátíð einu sinni með manni sem sagðist hafa fyrst komið á Þjóðhátíð fyrir um þrjátíu árum. Hann bjó þá í Reykjavík og skellti sér á hátíðina. Hitti þar stúlku sem hann segist hafa orðið hrifinn af. Ég veit svo sem ekki hvað gerðist þeirra á milli, það fylgir ekki sögunni. En svo fór hann heim eins og flestir gera að lokinni Þjóðhátíð.

Hann kemur svo aftur ári seinna og hittir hana þá aftur. Hann hefur búið í Vestmannaeyjum síðan,“ segir Halldór Gunnar Pálsson, jafnan þekktur sem Fjallabróðir. Hann samdi Þjóðhátíðarlagið í ár, sem ber titilinn Ástin á sér stað, og Magnús Þór Sigmundsson sá um textasmíðina.

Lagið er innblásið af þessari sögu sem Halldór fékk að heyra á einni þeirra sex Þjóðhátíða sem hann hefur heimsótt. „Og þetta fólk er enn þá saman. Þau eiga núna börn og barnabörn. Mér fannst þetta svo fallegt. Hversu margar svona ástarsögur hafa orðið til á Þjóðhátíð, á þessum hundrað og fjörutíu árum?“ spyr hann og er bersýnilega uppveðraður.

Flytjendur lagsins eru eins og áður hefur komið fram engir aðrir en Sverrir Bergmann og Friðrik Dór, auk hljómsveitarinnar Albatross. Ekki verður hjá því komist að spyrja hvers vegna ekki sé nokkur einasta kona höfð með í laginu, í ljósi þess að innblásturinn er ástarsaga karls og konu. Auk þess sem Þjóðhátíðarnefnd hefur átt undir högg að sækja undanfarið sökum skorts á kvenkyns listamönnum á hátíðinni.

Svarar Halldór því til að ástin sé nefnilega blind og ætlar sér greinilega ekki að hengja sig á neina stimpla. „Eitt þekktasta Þjóðhátíðarlagið, Ég veit þú kemur í kvöld, er um tvo menn sem eru að rífast og sættast svo á endanum. Okkur fannst þetta ganga svona því maður getur jú orðið ástfanginn af hverju sem er, stundinni og staðnum ekki hvað síst.“



Herjólfsdalurinn á eflaust eftir að taka vel undir með Sverri og Frikka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **OG ÞETTA FÓLK ER ENN ÞÁ SAMAN. ÞAU EIGA NÚNA BÖRN OG BARNABÖRN. MÉR FANNST ÞETTA SVO FALLEGT.**

Má búast við að Þjóðhátíðarlagið verði algjör hittari ef svo má að orði komast. Halldór og Magnús sömdu Þjóðhátíðarlag ársins 2012, Þar sem hjartað slær, og þykir lagið hafa elst nokkuð vel. „Við fengum svo að nota sándin úr Lífið er yndislegt. Ég fékk orgínal tökurnar af því lagi og það fer sko ekki á milli mála,“ segir Halldór og hlær.

Spurður út í hvernig menn vinni með jafn umdeilt efni og Þjóðhátíðarlag segist hann einfaldlega setjast gagngert niður til að semja slíkt lag. „Ég setti mig í stemninguna, inn í tilfinninguna sem kemur yfir mann á Þjóðhátíð. Það er náttúrulega lykillinn að þessu öllu, að hafa farið á Þjóðhátíð,“ segir hann og skellihlær áður en hann heldur áfram: „Svo eru þetta bara langar stundir með kassagítarinn í fanginu og svo hef ég verið að horfa á YouTube-myndbönd af fólkinu í brekkunni. Og þá er þetta komið.“

**gudrun@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


LOKUM
í kvöld kl. 20
Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.
Staðir Domino´s verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!
OPIÐ Í SKEIFUNNI
Mundu að panta tímanlega í kvöld!
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS


STÓR! GL
GLÆNÝ AIRBUS A330 ÁRGERÐ 2016, STÆRSTA BREIÐÞOTA LANDSINS, ER MÆTT Á VÖLLINN
Risarnir í WOW flotanum eru hinar stórglæsilegu Airbus A330 breiðþotur. Sú fyrsta af þremur er lent, glæný og rennileg, og er til þjónustu reiðubúin! Breiðþotur WOW air hafa sæti fyrir 350 gesti og eru stærstu farþegavélar sem notaðar eru í áætlunarflugi til og frá Íslandi.
VIÐ BREIÐUM ÚT VÆNGINA. FLJÚGÐU MEÐ OKKUR!




KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Jóna Hrönn Bolladóttir




## Innganga og útganga

Ekkert jafnast á við undrið þegar barn fæðist. Í síðustu viku tók ég mér nokkurra daga sumarfrí til að heilsa dótturdóttur minni sem kom í heiminn dökkhærð og undurfríð.

Eitt af því sem ég er þakklátust fyrir í prestsstarfinu er að fá að vera með fólki þegar barn fæðist inn í heiminn og eins þegar ástvinur kveður. Ég var að hugsa það þessa viku sem ég var heima í fríi að það er margt líkt með heimili þar sem nýjum einstaklingi er heilsað og þar sem ástvinur hefur kvatt. Í báðum tilvikum vilja fjölskyldur og vinir vitja heimilisins og veita nærveru. Og það er drukkið kaffi og bornar fram veitingar, fólk færir blóm og gjafir og það eru rifjaðar upp minningar, hlegið og grátið. Og spurningin sem allir spyrja foreldra hins nýfædda eða nánasta ástvin hins látna er sú sama: Hvernig var nóttin? Gastu sofið? Náðir þú hvíld? Eins er minnt á aðrar grunnþarfir svo sem hreyfingu og góða næringu. Helst alltaf er svo einhver „á bak við eldavélina“ eins og eitt sinn var sagt og það er nú e.t.v. persónan sem gerir mesta gagnið.

Þegar lífi er heilsað og þegar líf er kvatt verður heimilið heilagt. Hvað þýðir það? Það merkir að heimilið er frátekið fyrir gleðina eða sorgina. Setningin sem borin er fram við hverja barnsskírn hefur vitjað mín með nýjum hætti þessa daga: „Drottinn varðveiti inngöngu þína og útgöngu héðan í frá og að eilífu.“


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Endalaust 365
GSM
2.990 KR.*
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar á 365.is
1817 | 365.is

Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021








Þriðjud. 31.maí. - Laugard. 4. júní
Opið virka daga 12-18:30
Laugard. 12-16
Fyrstir koma, fyrstir fá...

31. maí – 4. júní

RISA LAGERSALA

20–70%

afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum rúmum, hvíldarstólum og sófum, koddum, lökum o.fl. o.fl. o.fl.

Gömlu og góðu Jersey bómullarlökin
Stærðir í cm: 80 / 90 / 97 / 100 / 120 / 135 / 140 kr. 3000.-
Stærðir í cm: 153 cm / 160 cm kr. 4000.- Litur: Beige

Royal heilsudýnur með botni og fótum

| Verðdæmi: | Áður | Nú aðeins |
|---|---|---|
| 160x200 | 209.900.- | 146.930.- |
| 180x200 | 234.900.- | 164.430.- |
| 200x200 | 249.900.- | 174.930.- |

Margar stærðir og stífleikar
Fyrstir koma fyrstir fá!



Eldri Bodyprint heilsukoddar 50% afsl.

Frábær tilboð í verslun meðan á lagersölu stendur


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun
Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30
laugardag 12:00 - 16:00

www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri